

## Óhrædd við að hrista upp í hlutunum

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir  
dómsmálaráðherra segir  
Íslendinga góða í að  
taka slaginn, en nú  
reyni á úthaldið.  
– sjá síðu 12



## UPPÁHALDS

## FYRIR VESTAN



Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðar, er Vestfirðingur í húð og hár. DV sló á þráðinn til hans og bað hann að nefna fimm uppáhaldsstaði sína á Vestfjörðum.

### 1 Heimabyggð á Ísafirði

Svalasta kaffihús landsins. Frábær matur, enn betra bakkelsi. Sprellihjónin Gunnar og Lísbet toppa svo yfirleitt upplifunina með nokkrum heimatilbúnum skrítlum.



### 2 Öundurarfjörður

Öundurarfjörður eins og hann leggur sig. Flateyri er nýi uppáhaldsbærinn minn. Holtsfjara, fjöllin, fólkid. Allt upp á tíu. Ef Ísland væri hljómsveit þá væri Öundurarfjörður „greatest hits“ platan.

### 3 Heydalur í Ísafjarðardjúpi

Með tilkomu Dýrafjarðarganga verður Djúpið ekki lengur aðalsamgönguæðin. Allt svæðið mun standa eftir sem aðgengilegt draumaland. Friðsæl náttúruparadís þar sem Vigur og Heydalur eru krúnudjásnin.

### 4 Mýrarfell í Dýrafirði

Örstutt fjallganga, sem verðlaunar mann með stórkostlegu útsýni yfir Dýrafjörð og Þingeyri. Lóa og Beggi á Mýrum bíða svo eftir manni með pönnukökur, kaffi og sögur af refaskyttum.

### 5 Miðvík í Aðalvík

Allt Hornstrandarfríðlandið er í miklu uppáhaldi. Hef þvælst þar um allt en fæ aldrei nóg. Nefni Miðvíkina, vegna þess að þar bjó móður-fjölskyldan áður en vikin lagðist í eyði. Töfraland.

# Út úr lyftunni maður!

**K**æru konur, innilega til hamingju með Kvenréttindadaginn. 19. júní er okkur öllum afar mikilvægur sem hátíðis- og baráttudagur kvenna á Íslandi, þar sem því er fagnað að þann dag árið 1915 fengu konur á Íslandi, 40 ára og eldri, kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Það er því viðeigandi að dómsmálaráðherra landsins, sem er ung kona, prýði forsíðu blaðsins. Hún hefði reyndar ekki fengið að kjósa árið 1915 sökum aldurstakmarka, sem sýnir enn og aftur að þetta mjakast – hægt, en mjakast þó – og hvert skref skiptir sköpum.

Nú er svo komið að það þykir líklegt til vinsælda og er talið geta ýtt eldri hugmyndum um yfirvald (miðaldra, hvítir karlmenn) upp um borð, að bera fyrir sig ungt fólk og konur. Ung kona hlýtur því að gefa tvö stig. En bara stundum!

Það er gott og blessað að samfélagið sé að átta sig á auðnum sem fólgin er í konum á öllum aldri og mikilvægi þess að blanda saman ólíku fólki, af öllum kynjum, sem víðast. Menn sem hafa verið með VIP-lyftu-passa frá fæðingu ættu þó að varast að húkka sér far ef það stefnir í röð í þeirra lyftu. Það gerir öllum gott að læra að bíða í röð með tilheyrandi afsökunarbeiðni, sé stigið á tær. Það er nefnilega vannýtt fegurð fólgin í því átta sig á mistökum – og geta haft orð á þeim.

Álit kvenna og þátttaka þeirra í öllum málum – ekki síst stjórnáttum – er bráðnaðsynleg. Frumkvöðlar á borð við Vigdísí Finnboga-dóttur hafa með þátttöku sinni sýnt að kvenlegt innsæi og kraftur gerir samfélagi okkar svo afskaplega gott. Íslenskar konur eru hugrakkar og hafa verið óhræddar við að láta til sín taka. Það er því með ólíkindum að enn þurfi að réttlæta kynjakvóta. Það eru grátlega fáir dagar síðan ég hlustaði á mann tala um að „engar hæfar



MYND/GVA

Ung kona hlýtur því að gefa tvö stig. En bara stundum!

konur“ fengjust í starf sem hann var að auglýsa. Því neita ég að trúá. Það þarf nefnilega að fara út úr lyftunni til að sjá að helmingurinn af fólkinu fyrir utan eru konur. ■

## Spennandi samsæriskenningar

### SVART HÖFÐI

**E**ftir rúma viku fáum vér Íslendingar úr því skorið hver verður forseti okkar næstu fjögur árin en eins og alþjóð hefur undanfarið fengið að finna fyrir á eigin andlega skinni berst hann Guðni, forseti síðustu fjögurra ára, nú um næstu fjögur ár við stórhuga fyrrverandi verðbréfasala og heimsborgara, Guðmund Franklín.

Samanburður á niðurstöðum skoðanakannana bendir til þess að í þessum efnum sé ekkert gefið. Svokölluð „áreiðanleg fyrirtæki“ með „mikla reynslu“ í gerð skoðanakannana hafa reiknað út að Guðni hafi mikla yfirburði um allt land. Samkvæmt þeim ætti sigur Guðna að vera vís. Svarthöfði er þó miklu víðsýnni en

svo að hann kokgleypi eitthvert Gallupkjaftæði og vill því einnig líta til heimagerðra kannana hinnar ágætu og oft vanmetnu stöðvar Útvarps Sögu. Á þeim bænum leikur enginn vafi á því að Guðmundur Franklín verður næsti forseti lýðveldisins.

Sýn Svarthöfða á tilveruna er svo víð að í raun ætti hann að heita fullu nafni Svarthöfði Víðsýni Lokason. Svo hleypi-dómalaus er hann í fögnuði fjölbreytileikans að íhaldssemi hvers konar er eitru í hans frjálsgleu beinum. Og auðvitað er það hrein og klár íhaldssemi að hafa sama forsetann í fleiri ár en fjögur.

Svarthöfði sá ljósið í vikunni þegar hann heyrði allan sannleikann um framboð Guðna, eða öllu heldur las allan sannleikann. Af Internetinu, nánar tiltekið, og að sjálfsögðu í borðtölvu. Í spjallhópi á fyrirbæri

því er Fésbók nefnist upplýsti kona nokkur, undir fullu nafni, eftirfarandi: „Vinkona mín var að segja mér að Evrópusambandið sé að fjármagna kosningabaráttu hans – þetta er samsæri – svo að allt rafmagn á Íslandi verði flutt til Evrópu og við hérna þurfum að nota kerti.“

Já, gott fólk. Það er engin önnur en hún Úrsula von der Leyen, fyrrverandi varnarmálaráðherra Þýskalands og núverandi forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem er heilinn á bak við framboð Guðna Th. Góðir Íslendingar vita ef til vill lítið eða ekki neitt um hana Úrsúlu en hún veit allt um okkur og ef marka má hina frómu konu á Fésbókinni hatast hún Úrsúla við okkur vegna þess að Ísland vill ekki vera memm í ESB.

Þess vegna vill hún koma

okkar góðu þjóð aftur á miðaldir, eða allavega á síðustu öld, þar sem fólk þurfti að nota kerti til að sjá til í myrkrinu. Þegar vel er að gáð er þessi skoðun, sem konan góða slær fram undir fullu nafni, auðvitað bláköld staðreynd.

EKKI þarf frekari vitnanna við en að Guðni Th. staðfesti í fyrra lög tengd þriðja orkupakka Evrópusambandsins. Svarthöfða hefur einmitt þótt Guðni frekar gamaldags og eitthvað svo nægjusamur að hann yrði bara himinlifandi yfir því að hafa bara kerti til að lýsa upp í skammdeginu.

Svarthöfði vill forseta sem setur íslensku þjóðina í fyrsta sætið, setur íslensk gildi fram- ar öðrum og þegar forseti lýðveldisins Íslands er spurður hvort hann sé stoltur af því að vera Íslendingur þá er aðeins eitt rétt svar: Absólútlí! ■

# AKUREYRI

Það er

*eitthvað*

við hana



[visitakureyri.is](http://visitakureyri.is)

## MEST LESIÐ

## Á DV Í VIKUNNI

**1 Erjur vegna snyrti meðferðar** – hóta kærur á víxl Kona sem fór í snyrti meðferð hjá líkamsmótunarstofunni The House of Beauty í Reykjavík, er óánægð með meðferðina sem hún fékk.

**2 Hildur Sif pantaði bikini á netinu** – hefði betur sleppt því Hildur Sif pantaði bikini frá ASOS, en þegar sendingin kom var bikinið allt of lítið og passaði á köttinn hennar.

**3 Spurningar úr inntökuprófi í læknadeild** – Ert þú klárari en læknanemi? Lesendum var boðið að spreya sig fjölbreytilegum á spurningum úr inntökuprófinu.

**4 Höddi Magg bálreiður** eftir þungar ásakningar: „Því miður virðist botninn vera endalaus“ Íþróttafréttamaðurinn góðkunnir grundaður um að sigla undir fölsku flaggi á samfélagsmiðlinum Twitter.

**5 Bíllinn endaði ofan í, en veiðin hætti ekki** Bíll sem var notaður í veiðiferð í Miðfjarðará lenti í vatninu.

**6 Elísabet fékk alveg nóg og missti 17 kíló á þremur mánuðum** Einkabjálfarinn Elísabet bjó til eigið æfingaprógramm, fór í fjallgöngur og borðaði hollan mat.

**7 Vikan á Instagram: „Íslenska sumarið er yndislegt“** Skemmtilegar myndir frá íslenskum áhrifaöldum. Fastur liður á dv.is alla mánuðagsmorgna.

**8 Mörg ógeðfelld brot stjarnanna** – lét hunda éta líkið af kærustu sinni Yfirferð á ýmsum glæpum sem þekktir, erlendir knattspyrnumenn hafa framið.

**9 Kristín birti mynd frá Strandgötu** – sérð þú eitthvað athugasvert við myndina? Vakin athygli á mikilvægi þess að hjólréiðafólk klæði sig þannig að það sjáist í umferðinni.

**10 Skelfileg og sprenglægleg Photoshop mistök áhrifa-valda** Myndir af óheppilegum mistökum sem erlendir áhrifa-valdar hafa gert í myndvinnsluforritum.

## Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



## Friðlýsing Geysis

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, friðlýsti Geysi í Haukadal á þjóðhátíðardaginn. Við þetta tilefni sagði ráðherra: „Þar sem Geysissvæðið er eitt þekktasta goshverasvæði Jarðar tel ég friðlýsingu þess vera heimsviðburð og Íslendingar mega vera stoltir af því að taka þá ákvörðun að vernda svæðið fyrir núverandi og komandi kynslóðir, alls staðar í heiminum.“

## Erlendur aðili á 3,5% fiskveiðikvótans

Baldvin Þorsteinsson á í gegnum eignarhlut sinn í fyrirtæki Samherja um 3,5 prósentu hlut af öllum fiskveiðikvóta Íslands. Baldvin er búsettur í Hollandi og telst því samkvæmt skilningi íslenskra laga vera erlendir aðili. Nokkrum dögum áður en fréttaskýringarþátturinn Kveikur fjallaði um málefni Samherja fékk atvinnuvegaráðuneytið tilkynningu um kaup erlends aðila á stórum hlut í Samherja hf. Ekki var tilkynnt opinberlega um þessi viðskipti fyrr en í maí.

## Eftirlýstir Rúmenar

Þrír Rúmenar voru handteknir í vikunni grunaðir um þjófnað en tveir þeirra reyndust smitaðir af COVID-19. Eru þeir í einangrun í farsóttarhúsinu við Rauðarárstíg. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti í kjölfarið eftir ellefu til viðbótar, sem komu til landsins með sama flugi, og voru einnig grunuð um að hafa brotið sóttkví. Allir sem lýst var eftir eru nú komnir í leitirnar.



## Þórhildur Sunna segir af sér formennsku

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, sagði af sér formennsku í nefndinni á þingfundi í vikunni. Kornnið sem fyllti mælinn hjá henni var hvernig meirihlutinn hefði staðið í vegi fyrir frumkvæðisathugun á hæfi Kristjáns Þórs Júlíussonar vegna Samherjamálsins. Þá sagði Þórhildur Sunna að meirihlutinn notaði hana sífellt sem blóraböggul og drægi persónu hennar niður í svaðið.

## Boltinn rúllar á ný

Sófakartöflur landsins og knattspyrnuáhugafólk tekur gleði sína á ný. Á dögnum fór boltinn að rúlla hér á Íslandi og er nú allt komið á fullt hér á landi. Fyrsta umferð í efstu deildunum hér á landi fór fram um síðustu helgi og var mikið fjör á völlum landsins þrátt fyrir fjöldatakmarkanir. Fleiri tóku svo gleði sína í vikunni þegar enska úrvalsdeildin fór af stað. Fótboltinn á Englandi er stundum kallaður þjóðaríþrótt Íslendinga en vinsældirnar hér á landi eru hreint ótrúlegar.



## Kröfu sonar Tryggva Rúnars hafnað

Ríkið hafnaði 85 milljóna króna bótakröfu Arnars Þórs Vatnsdal, blóðsonar Tryggva Rúnars Leifssonar, með vísan til ættleiðingar. Arnar var tveggja ára þegar faðir hans var hnepptur í gæsluvarðhald árið 1975 vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Arnar var ættleiddur tólf ára, fjórum árum eftir að faðir hans losnaði úr fangelsi.



Vertu viss um að velja besta kjötið á grillið!



Meira á [www.fjallalamb.is](http://www.fjallalamb.is)

# Vertu með! Allt í gangi

**TT • Mótun • Fit Form 60+  
Hraðlest • Kynntu þér málið!**

## Hraðlest

Hraðlest fer af stað 6. júlí, 4x í viku í tvær vikur

Verð aðeins 10.900 kr.

Tímabil: 6.-16. júlí, 20.-30. júlí,  
4.-13. ágúst og 17.-27. ágúst.

Innritun í síma 581 3730. Sjá nánar á [jsb.is](http://jsb.is)

**Hlökkum til að sjá þig!**

LÍKAMSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!  
Innritun og nánari upplýsingar  
í síma 581 3730 og á [jsb.is](http://jsb.is)

# NÝJAR KANNANIR BENDA TIL VAKTASKIPTA Í HVÍTA HÚSINU

Allt virðist ganga á afturfótunum og viðbrögð Trumps við COVID-19 faraldrinum og mótmælum í kjölfar morðs George Floyd verða ekki gott veganesti í kosningarnar.

Heimir Hannesson  
heimir@dv.is

Vinalisti Donalds Trump Bandaríkjaforseta stýttist, að því er virðist, með hverjum deginum um þessar mundir. Hafa ýmsir framámenn í Repúblíkana-flokknum, auk hershöfðingja og embættismanna, snúið baki við forsetanum með opinberum hætti.

Af fyrrverandi samstarfsmönnum forsetans sem vinna nú gegn baráttu hans fyrir endurkjöri fer mest fyrir John Bolton. Birtir hann í óútkominni bók sinni sláandi frásagnir af vafasömum embættisfærslum og vanhæfni Trumps. Einnig má nefna hershöfðingja sem hafa talað opinskátt gegn aðgerðum forsetans og forsetanum sjálfum, en slíkt heyrði til algjörra undantekninga áður fyrr og hefur aldrei sést í þessum mæli. Hershöfðingjarnir Colin Powell, James „Mad Dog“ Mattis, Kelly, Milley, Allen, Myers, Dempsey, Thomas, Hayden, McRaven, Stavridis og Mullen hafa allir viðrað neikvæðar skoðanir sínar á forsetanum.

Tvö stór mál skutust á dagskrá á þessu kosningarári og þykja Trump og ríkisstjórn hans hafa brugðist illa við þeim báðum. Þykir hann hafa brugðist seint og illa við kórónaveirufaraldrinum í upphafi árs, þrátt fyrir hans eigin orð um annað. Enn fremur hafa viðbrögð hans við ófriðaröldu í kjölfar morðsins á George Floyd vakið óhug og sundrunu innan hans eigin raða. Á meðan lætur Biden lítið fara fyrir sér, velur sér vandlega stað og stund og leyfir Trump að eiga sjónarsviðið. Virðist kosningastjórn forsetaefnis Demókrata, Joes Biden, ætla að reida sig á að Trump verði sinn eigin versti óvinur, héðan af sem hingað til.

## Forskot Bidens eykst til muna

Skoðanakannanir hafa sveiflast frá Trump undanfarið og stuðningur við Biden aukist til muna á sama tíma. Nate Silver, stofnandi stjórnmálaskýringa-síðunnar 538, birti í vikunni samantekt skoðanakannana, sem bendir til 9% forystu Bidens. Eins og glögg áhuga-fólk um bandarísk stjórnmál þekkir, skipta skoðanakannanir á landsvísi litlu máli,



Joe Biden er frambjóðandi Demókrata.

MYND/GETTY

enda baráttan um kjörmenn háð á ríkjavísi. Þurfa frambjóðendur 270 kjörmenn til að sigra og mælist Biden með öruggan, eða líklegan, stuðning hjá 248 þeirra og vantar því aðeins 22 til að tryggja sér sigur. Trump á vísan stuðning 204 kjörmanna og vantar því talsvert fleiri í safnið eða 66.

Augu framboðanna beinast því helst að þeim ríkjum þar sem forsetaefnin geta sótt sér þá kjörmenn sem þau vantar, með sem minnstum tilkostnaði. Þau ríki eru Arizona, Wisconsin, Pennsylvania, Norður-Karólína og Flórída.

## Sveifluríkin fimm

Trump hefur lítið gert til þess að vingast við kjósendur þessara ríkja undanfarið og ýmsar uppákomur á kjörtímabilinu vinna gegn honum. Til dæmis eru kjósendur í Arizona (11 kjörmenn) minnugir kergjunnar á milli Johns McCain, öldungadeildarþingmanns ríkisins, og Trumps. McCain lést á kjörtímabilinu, en áður hafði McCain gefið það opinberlega út að hann vildi ekki að Trump yrði viðstaddur útför sína. McCain var gríðarlega vinsæll í ríkinu og á milli hans og Bidens ríkti vinskapur úr öldungadeildinni, sem líklegt er að Biden reyni að nýta sér í baráttunni.

Norður-Karólína (15 kjörmenn) er suðurríki sem Hill-

ary Clinton sigraði í í kosningunum 2016, þó með aðeins um 3% mun. Hlutfallslega margir íbúar í ríkinu eru svartir, sem eru talsvert líklegri til þess að styðja Biden. Sá stuðningur er þó ólíklegri til þess að skila sér í kjörkassann, enda minnihlutahópar ólíklegri til þess að mæta á kjörstað. Það er því viðbúið að framboð Bidens muni leggja höfuðáherslu á að koma þessum atkvæðum á kjörstað í nóvember.

Wisconsin (10 kjörmenn) og Pennsylvania (20 kjörmenn) eiga það sameiginlegt að vera dreifbýl ríki, en með fjölmennar borgir inn á milli víðáttumikilla sveita. Borgirnar hafa í fyrri kosningum hallast að Demókrötum, en sveitirnar að Repúblíkönum. Í síðustu kosningum sigraði Trump Wisconsin með 0,77% atkvæða og Pennsylvania með 0,72%. Það er því ljóst að Trump má ekki við miklu á þessum vígvöllum.

Flórída (29 kjörmenn) hefur oftast ekki verið sökudólgur mikillar óreiðu í kosningum og kosningabaráttu. Fylkið er víðáttumikið með þéttum sveitum og sterkar rætur til íhaldssamrar hugmyndafræði suðursins. Aftur á móti eru í Flórída einnig stórar borgir með stórum, frjálslyndum háskólum og fjölmönnum og áhrifamiklum minnihlutahópum. Má þar nefna Orlando, Gainesville, Tallahassee og auðvitað Mi-



Trump á undir högg að sækja í kosningabaráttunni.

MYND/GETTY


## Dreifing kjörmanna

Bláu ríkin hallast að Demókrötum og þau rauðu að Repúblíkönum. Um þau gráu verður barist næstu mánuði.

Demókratar 248

204 Repúblíkanar

183 29 36 86 79 42 83



HEIMILD: 270TOWIN.COM

ami. Þangað mun Biden sækja sinn stuðning. Donald Trump hefur eytt miklum frítíma sínu og á þar eignir sem hann dvelur stundum í. Trump gjörsigraði forval Repúblíkana árið 2016 og sigraði Clinton með 1,2%. Þar, sem víðar, munu úrslitin ráðast á kosningabátttöku minnihlutahópa.

## Lífróður Trump

Biden myndi nægja það eitt

að krækja í Flórída, eða einhver tvö önnur sveifluríki, til að ná sér í þá kjörmenn sem upp á vantar. Trump aftur á móti þarf sigur í Flórída auk þriggja annarra sveifluríkja, eða að tapa Flórída en ná öllum hinum fjórum.

Ef líklegar sviðsmyndir eru settar upp, og miðað við nýlegar og áreiðanlegar skoðanakannanir, bendir mikill meirihluti mögulegra úrslita til sigurs Biden. ■


# NÝJAR KILJUR

Eitthvað fyrir alla í helgarlesturinn

Jack Reacher er mættur aftur til leiks í bók sem grípur þig heljartökum strax frá upphafi




SG/ Morgunblaðið



„Löðrandi af kaldhæðni og ógn ... grípur mann heljartökum.“  
EVENING STANDARD

# LEE CHILD

## Á BYRJUNARREIT



Síðasta bókin um fólkið á Neshov

# Anne B. Ragde


## DÓTTIRIN

★★★★★  
„Drottning smáatriðanna  
knýtir allt fagurlega saman.  
Enginn lýsir samskiptum  
í fjölskyldum betur en hún.“  
VERDENS GANG

★★★★★  
„Bravó, Ragde!“  
DAGBLADET

Síðasta bókin í sagnabálkinum ofurvinsæla um Neshov fólkið eftir Anne B. Ragde

★★★★★  
„Bravó, Ragde!“  
Dagbladet



Maja Lunde

# Saga býflugnanna

„... gríðarvel skrifuð skáldsaga,  
og tryllingslega spennandi.“  
SVENSKA DAGBLADET

Heillandi bók eftir Maju Lunde sem hefur slegið í gegn um allan heim og er nú loksins fáanleg á íslensku

„*Snjöll og sláandi fögur saga.*“  
Stavanger Aftenblad



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# SPILAKORT RAUNHÆF LAUSN

Formenn Rauða krossins, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ segjast skilja að það brenni á Samtökum áhugafólks um spilafíkn að koma á úrbótum fyrir spilafíkla.

Erla  
Hlynsdóttir  
erlahlyns@dv.is



Við höfum oft heyrt frá forsvarsfólki Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SAS) og tillögugerð okkar hnígur að sama markmiði. Við skiljum vel að fólk innan SAS þrýsti á aðgerðir, en Íslandsspil geta ekki ein og sér komið á breytingum. Það er í höndum stjórnvalda og þætti okkur fengur að því ef SAS beitti sér á þeim vettvangi,“ segir í sameiginlegri yfirlýsingu til DV frá formönnum Rauða krossins, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ, en þessi félög eiga saman Íslandsspil.

## Skila skömminni til rekstraraðila

Samtök áhugafólks um spilafíkn birtu heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu á miðvikudag, með lista yfir nöfn stjórnarfólks í þeim félögum, fyrirtækjum og stofnunum sem koma að rekstri spilakassa á Íslandi.

„Í stjórnnum þessara félaga sitja einstaklingar sem láta átölulaust að fólk sem er veikt af spilafíkn spili frá sér aleiguna. Spilafíklar, börn þeirra, fjölskyldur og vinir, skila skömminni af spilakössum til þeirra sem eiga þá og reka,“ segir í auglýsingunni.

Spilakassar hér á landi eru reknir af tveimur aðilum: Íslandsspilum og Happdrætti Háskóla Íslands. DV óskaði eftir viðbrögðum frá öllum þeim félögum, fyrirtækjum og stofnunum sem koma að rekstri kassanna. Hvorki höfðu borist svör frá Happdrætti Háskóla Íslands né Háskóla Íslands, þegar blaðið fór í prentun.

## Vilja fund með dómsmálaráðherra

„Við skiljum ákafa forystufólks SAS að koma á úrbótum, sem endurspeglast meðal annars í umræddri auglýsingu,“ segir meðal annars í svari frá formönnum félaganna sem eiga Íslandsspil.

Þar er einnig bent á að þessir þrír formenn sendu í síðustu viku frá sér tillögur að bættu fyrirkomulagi peningaspila hélrendis. „Þar var bent á að upptaka á svokölluðu spilakorti, sem nær til allra peningaspila, væri forsenda þess að ná árangri. Vel hefur tekist til með þetta fyrirkomulag á hinum Norðurlöndunum. Samtök áhugafólks um spilafíkn, SAS, hafa mælt með upptöku á slíku korti, þannig að þar



Spilakort geta nýst til að halda fjárhæð spilunar innan ákveðinna marka, sem spilarinn ákveður fyrir fram.

MYND/ANTON BRINK

„Íslandsspil geta ekki ein og sér komið á breytingum.“

erum við á sama báti. Til að þetta verði að veruleika þarf atbeina dómsmálaráðuneytisins og að öll líknar-, mannúðar- og íþróttasamtökin og Háskóli Íslands, sem standa að peningaspilum, taki þátt. Við bíðum eftir fundi með dómsmálaráðherra um þetta mál,“ segja formennirnir.

Fyrirhugað spilakort virkar þannig að allir þurfa að hafa það til að geta tekið þátt í peningaspilum, hvort sem er í spilakössum eða á innlendum netsíðum. Kortið nýtist til að halda fjárhæð spilunar innan ákveðinna marka sem spilarinn ákveður fyrir fram og getur ekki breytt strax. Hann getur líka lokað fyrir aðganginn. ■

## REYNSLUSAGA EIGINMANNNS SPILAFÍKILS

*Fyrirverandi eiginmaður spilafíkilis segist hafa reynt að styðja við konu sína, en ítrekað fyllst vanmætti, vegna þess hversu sterk fíknin væri. Konan stoppaði á leið í bíó með dóttur sinni og eyddi bíópeningunum í spilakassa, stal gjaldryrinum hans og tók veð í íbúðinni, án hans vitneskju.*

Ég var í tæpa tvo áratugi með mínum spilafíkli. Þegar við kynntust vorum við bæði að koma úr vímuefnaferð. Hún sagði mér strax að hún væri spilafíkill, ég vissi í raun ekki hvað það væri og fannst það eitthvað svo ómerkilegt. Við höfðum bæði náð að hætta neyslu, sem var mikið afrek, og ég sá fyrir mér að spilafíkn væri ekkert mál. Það fóru síðan brátt að renna á mig tvær grímur. Fíkn í spilakassa er rosalegasta fíkn sem ég veit um.

Spilafíknin er ástæðan fyrir því að við skildum. Ég verð aldrei samur eftir þetta samband. Við vorum alltaf virk í AA-samtökunum en spilafíknin bankaði alltaf upp á. Ég ákvað hins vegar að hjálpa minni konu og tók yfir allt sem tengdist fjármálum okkar. Hún bað mig um það og var sátt við það.

### Hönnun spilakassanna útpæld

Við höfðum aðeins verið saman í nokkra mánuði þegar ég var á leið til útlanda og fattaði allt í einu að allur gjaldryririnn minn var horf-

inn. Það var fyrsta stóra sjokkið. Hún útskýrði þá fyrir mér að svona virkaði spilafíknin. Ég varð eiginlega bæði reiður og sár, var fullur vanmáttar. Eftir þetta leitaði ég eftir aðstoð fyrir mig hjá SÁÁ og sálfræðingi. Þeir sögðu mér að þessi fíkn væri sterkari en fíknin sem við hefðum losað okkur við. Ég fékk að heyra að spilakassarnir væru hannaðir til að ná sálfræðilegum tókum á fólki, hljóðin í þeim, litirnir og hraðinn – allt er þetta útpælt til að ná fólki.

Ég verð alltaf mjög pirraður þegar farið er að tala um að það þýði ekki að loka spilakössum, því þá fari spilafíklar bara á netið. Mín kona fór aldrei á netið, hún spilaði aldrei í Lottó. Það voru bara kassarnir sem hún sótti í. Hún þræði ekkert heitar en að hætta þessu. Þetta yfirtók allt.

### Algjört stjórnleysi

Eitt sinn þegar ég var að taka til heima fann ég kvittanir fyrir því að hún hefði tekið 2 milljóna króna bankalán út á íbúðina okkar. Þegar ég spurði hana út í þetta sagðist hún hafa eytt þessum peningum í spilakassa á þremur dögum.

Ég man líka vel eftir því þegar hún var að fara með ellefu ára dóttur sína í bíó. Hún hringdi síðan í mig grátandi, sagðist hafa farið í spilakassa á leiðinni og væri ekki með neinn pening. Stjórnleysið var

algjört. Þetta voru auðvitað ekki miklir peningar, bara fyrir bíómiðum og nammi, en hún náði ekki að hafa hemil á sér.

Á nóttunni þegar hún var sofnuð leitaði ég oft í vösunum hennar í leit að einhverjum kvittunum sem sýndu fram á að hún hefði verið að spila, og oftast en ekki fann ég eitt-hvað.

Hún þræði ekkert meira en að hætta. Spilafíkil langar ekki að spila – hann verður að spila. Við töluðum oft um að það væri góð lausn ef spilafíklar gætu sett sig í straff og látið banna sig í spilaskólum.

### Dró línuna við smálán

Þegar við skildum fyrir þremur árum skuldaði hún tvær milljónir í smálánum. Ég var búinn að ákveða að þar lægju mín mörk og var búin að segja henni frá því að ef hún tæki smálán til að spila, þá yrði ég að fara. Ég stóð við það. Hún náði oft nokkrum mánuðum án þess að spila og þá var lífið yndislegt en vandinn þróaðist samt alltaf áfram hjá elsku konunni. Það er svaklegt að fara frá manneskju sem á við þennan vanda að stríða. Þetta bara var svo yfirþyrmandi og tók aldrei enda. Nú er loksins komið inn í umræðuna hér á landi að taka upp spilakort, sem er þá hægt að loka á. Það væri frábært ef það gæti orðið að veruleika. Ég held að það væri raunhæf lausn.



# Við græddum 3.721.000.000 kr. á veikum spilafíklum\*

\*www.athingis.atext/149/1905.html

Góðgerðasamtökin sem reka **Íslandsspil, Rauði Krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg** og **SÁÁ**, ásamt **Happdrætti Háskóla Íslands** fyrir **Háskóla Íslands** treysta mjög á „framlög“ spilafíkla til að fjármagna starfsemi sína. Í stjórnnum þessara félaga sitja einstaklingar sem láta átölulaust að fólk sem er veikt af spilafíkn spili frá sér aleiguna. Spilafíklar, börn þeirra, fjölskyldur og vinir skila skömminni af spilakössum til þeirra sem eiga þá og reka.

## Stjórn SÁÁ

### Arnþór Jónsson

Anna Jóna Ármannsdóttir  
Arndís Oddfríður Sigurðardóttir  
Ásdís Olsen  
Bjarni Sigurðsson  
Björn Logi Þórarinnsson  
Einar Axelsson  
Einar Hermannsson  
Einar Már Guðmundsson  
Erla Björg Sigurðardóttir  
Gísli Stefánsson  
Guðmundur Örn Jóhannsson  
Guðrún Þórsdóttir  
Gunnar Alexander Ólafsson  
Halldóra Jónasdóttir  
Heiður Gunnarsdóttir  
Hekla Jósepsdóttir  
Helga Haraldsdóttir  
Helga Óskarsdóttir  
Hjördís Reykdal  
Hörður Svavarsson  
Jón H. B. Snorrason  
Jón Kristinn Snæhólm  
Kristjana Jónsdóttir  
Kristján Ernir Björgvinsson  
Lára Erlingsdóttir  
Linda Pétursdóttir  
Magnús Þór Hafsteinsson  
Márius Óskarsson  
Már Gunnarsson  
Olga Ingólfssdóttir  
Pétur Einarsson  
Róbert Marshall  
Sif Böðvarsdóttir

Sigurður Freyr Hafstein  
Sigurður Friðriksson  
Sólrun Freyja Sen  
Svala Ísfeld Ólafsdóttir  
Sævar Sigurðsson  
Theódór S. Halldórsson  
Valgerður Jóhannsdóttir  
Valgerður Rúnarsdóttir  
Valur Júlíusson  
Þorsteinn Óskarsson  
Þórarinn Tyrfingsson  
Þórdís Jóna Jakobsdóttir  
Þráinn Farestveit  
Þuríður Þórðardóttir

## Stjórn Rauða Krossins

**Sveinn Kristinsson**  
Baldur Steinn Helgason  
Elín Ósk Helgadóttir  
Gréta María Grétarsdóttir  
Hrund Snorradóttir  
Halldór Valdimarsson  
Ívar Kristinsson  
Jónas Sigurðsson  
Silja Bára Ómarsdóttir  
Sveinn Þorsteinsson  
Þóra B. Nikulásdóttir

## Stjórn Slysavarnafélagið Landsbjörg

**Þór Þorsteinsson**  
Auður Yngvadóttir  
Borghildur F. Kristjánsdóttir  
Gísli V. Sigurðsson

Hallgrímur Óli Guðmundsson  
Hildur Sigfúsdóttir  
Otti Rafn Sigmarsson  
Valur S. Valgeirsson  
Þorsteinn Þorkelsson

## Stjórn Íslandsspila

**Kristín S. Hjálmtýsdóttir**  
Ívar Kristinsson  
Jóhannes Rúnar Jóhannsson  
Jón Svanberg Hjartarson  
Theódór Skúli Halldórsson  
Þorsteinn Þorkelsson

## Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands

**Eyvindur G. Gunnarsson**  
Jenný Bára Jensdóttir  
Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir

## Stjórn Háskóla Íslands

**Jón Atli Benediktsson**  
Ásthildur Margrét Otharsdóttir  
Benedikt Traustason  
Einar Sveinbjörnsson  
Guðrún Geirsdóttir  
Guðvarður Már Gunnlaugsson  
Ingibjörg Gunnarsdóttir  
Kristrún Heimisdóttir  
Ólafur Pétur Pálsson  
Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir  
Siv Friðleifsdóttir

**Árið 2018 fóru um 12.253.000.000 króna í spilakassa.**

Að banna spilakassa lækna ekki spilafíkn en það er samt vitað að spilakassar eru það fjárhættuspil sem er mest ávanabindandi. Þrisvar til fjórum sinnum meira ávanabindandi en til að mynda póker og íþróttaveðmál.

**Samtök  
áhugafólks  
um spilafíkn**

## FASTEIGNAKAUP

# AUKTU LÍKUR ÞÍNAR Á GÓÐUM KAUPUM

Að mörgu er að huga þegar fjárfest er í fasteign. Gunnar Fannberg Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hönnunar og eftirlits ehf., bendir á tengsl milli þess hve fáir nýta sér ástandsskoðun og fjölgunar dómsmála um galla á fasteignum.

Heimir Hannesson  
heimir@dv.is

Að mörgu er að huga þegar fjárfest er í fasteign. Gunnar Fannberg Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hönnunar og eftirlits ehf., bendir á tengsl milli þess hve fáir nýta sér ástandsskoðun og fjölgunar dómsmála um galla á fasteignum.

Ein stærsta fjárhagslega ákvörðun sem flestir taka á lífsleiðinni er um kaup á fasteign. Fasteignaviðskipti eru um leið stærsta og mesta fjárfesting langflest. Á sölu-skrá fasteignavefja, þegar þetta er skrifað, eru um 9.500 eignir og því nægt úrval. Að ýmsu er þó að huga áður en kaupsamningur er undirritaður.

Að finna áhugaverða eign er aðeins fyrsta skrefið. Við tekur ferli sem flestir þekkja og þurfa því flestir að reiða sig á sérfræðinga eins og fasteignasala. Hér eru þó örfá ráð til að hafa í huga, sem vonandi eru til þess fallin að auka sjálfs-traust fólks í fasteignaleit.

Sífelld algengara er að opin hús séu auglýst og því fyrsta skref að mæta þangað og skoða fasteignina.

## Ráð á opnu húsi

■ Hleraðu samtal annarra við fasteignasalann. Ef til vill spyrja aðrir spurninga sem þú vilt vita svörin við.

■ Teldu gestina. Ef þú ert ein/n er samningsstaða sterkari en ef fjöldi manns mætir.

■ Vertu hreinn og beinn við fasteignasalann og mundu að hann er líka að vinna fyrir þig sem kaupanda. eru komin tilboð? Er mikill áhugi á fasteigninni? eru aðrar sambærilegar eignir í hverfinu til sölu? Er það mat fasteignasala að verðið á eigninni sé sanngjarnt miðað við nýlega kaupsamninga í hverfinu? Allt eru þetta spurningar sem fasteignasali á að geta svarað.

■ Ef þér líst vel á fasteignina, fáðu að skoða hana aftur og taktu einhvern með þér. Það þarf ekki að vera sérfróður iðnaðarmaður – heldur nægir alveg annað sett af augum og nefi, a.m.k. til að byrja með.

■ Líttu allt gagnrýnum augum. Ekki láta góðu atriðin skerða sýn þína á þau neikvæðu.



Gunnar Fannberg Gunnarsson  
framkvæmdastjóri Hönnunar og eftirlits ehf.

## Skoðunarskylda

Þegar fasteign er skoðuð er gott að vita af skoðunarskyldu kaupanda í fasteignaviðskiptum. Skoðunarskylda er svo til óskilgreint og fljótandi hugtak í lagalegu tilliti. Ekki er ætlast til þess að hugsanlegur kaupandi kynni sér hvern einasta krók og kima fasteignarinnar, heldur skoði hana innan þess ramma sem eðlilegt þykir.

Ríkari skoðunarskylda gæti verið lögð á þá sem sérþekkingu hafa í byggingamálum, til dæmis aðila með sveins-eða meistaraáttindi í iðngreinum byggingafræðinga, og svo framvegis Reglan er sú að kaupandi á að skoða fasteign og það er á hans ábyrgð að finna sjáanlega galla á fasteigninni, ef einhverjir eru.

Skylda seljanda er að gera þeim göllum sem honum er kunnugt um greinargóð skil. Hér gildir aftur sú regla að lítið er til þess hvað hver og einn mátti vita um, og ríkari

*Ein stærsta fjárhagslega ákvörðun sem flestir taka á lífsleiðinni er um kaup á fasteign.*

skylda gerð til fagaðila. Ef eign hefur verið í útleigu hvílir minni skylda á seljanda að þekkja ástand fasteignar og því ríkari þörf á ítarlegri skoðun kaupanda.

Til eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í ástandsskoðunum fasteigna. Gunnar hefur sérhæft sig í ástandsskoðunum um árabil. Hann segir að ítarleg ástandsskýrsla um fasteign geti komið í veg fyrir illdeilur seinna meir og komið í veg fyrir kostnaðarsöm málaferli vegna hugsanlegra, leyndra galla.

„Við mætum með hitamyndavél til dæmis og raka-

mælum, skoðum ástand lagna bæði inni og úti og mælum eindregið með að skolpkerfi sé myndað,“ segir Gunnar.

Grunnskoðun felur í sér að skýrsla er gerð um ástand húss og lögð er áhersla á að skila skýrslu innan fárra daga frá því að óskað er eftir úttekt. Gunnar segir það áhyggjuefni hve illa ástandsskoðunum sé sinnt. Tengsl séu milli þess hve fáir nýta sér ástandsskoðun og fjölgunar dómsmála um galla á fasteignum. Fyrirvari um ástandsskoðun er jafnframt leið út úr kaupsamningi og því viss trygging fyrir kaupendum, segir Gunnar. ■





MYND/EYÞÓR

## GÓÐ RÁÐ VIÐ SKOÐUN Á FASTEIGN

### AD UTAN

**Ástand lóðar** Þegar gengið er að húsi er gott að athuga ástand lóðar. Óeðlilega mikil bleyta í lóð og opnar regnvatnslagnir af þaki, eru varhugaverðar. Sé drenlagn við hús er hún ein og sér ekki trygging gegn lekavandamálum. Því er mikilvægt að athuga lóðina og frágang regnvatnslagna vel. Ef halli er á lóð er vert að athuga að sú hlið hússins sem snýr upp í hallann er viðkvæmari fyrir bleytu í jarðvegi. Ef þar er kjallari eða niðurgrafin hæð þarf að skoða útveggi vel.

### AD INNAN

**Aldur húss og viðhaldssaga** Hér skiptir aldur húss og viðhaldssaga þess höfuðmáli. Hana ætti fasteignasali að þekkja. Sé viðhaldssaga óþekkt er það ekki endilega merki um skort á viðhaldi, en er þó ástæða til að gæta enn meiri varúðar en ella.

**Ástand veggja** Í eldri húsum þarf að skoða ástand veggja. Mygla þrífst þar sem illa hefur verið loftað út. Sjáanlegir blettir eða útfellingar á útveggjum og lykt úr skápum við útveggi eru tilefni til þess að skoða ástand einangrunar og rasksperra

í þaki. Gott er að kippa húsgögnum við útveggi aðeins frá og kanna ástand þeirra. Sé grunur um myglu, er það tilefni til þess að kalla til fagmann með mælingatæki áður en lengra er haldið.

**Gler** Líftími glers er aðeins um 20 ár, sem rýrist frekar á veðurhliðum húss. Sól fer líka illa með flest byggingarefni og því ástæða til að kanna ástand glugga í sólríkri suðurátt.

**Vatnslagnir** Gefðu þér tíma til að athuga hvort bæði heitt og kalt vatn flæði úr krönum með jöfnum og nægilegum þrýstingi. Einnig hvort sjáanlegur leki, gamall eða nýr, sé í eldhúsi eða baði. Jafnframt er gott að athuga ofna. Þegar fasteign er skoðuð á hlýjum sumardeggi er líklegt að allir ofnar séu kaldir, en þá er hægt að setja krana á heitustu stillingu og hlusta eftir vatnsflæði og þreifa eftir hita efst á ofni.

**Húsfélag** Í fjölbýli er ráð að spyrja um húsfélag, hvort samþykktir um framkvæmdir séu í gildi og hvort sameiginlegur sjóður sé til staðar. Í fjölbýlishúsum eru vatns- og skollagnir að miklu leyti sameign og því á ábyrgð húsfélagsins.



MYND/ERNIR

**Nýjar eignir** Ef um nýja eign er að ræða, er vert að kynna sér hver sá um byggingu hússins, hvort til séu skýrslur eftirlitsaðila, hvort lokaúttekt hafi verið gerð og hvort ábyrgð byggingastjóra sé enn í gildi. Mikið hefur verið rætt um það í fjölmiðlum undanfarin ár, að krafa um styttri byggingatíma sé að valda því að steypa sé klædd og einangruð áður en hún nær að þorna almenni-

lega, og ekki sé vandað nægilega til verka við einangrun og þaksmíðar. Einhverjir gallar eru vissulega óumflýjanlegur fylgifiskur allra framkvæmda. Þó að um smágalla sé að ræða í flestum tilfellum skiptir máli að hafa á hreinu hver ber ábyrgð og hvernig staðið verði að viðgerð á þeim. Vert er að taka fram að lokaúttektir eiga að vera aðgengi- legar hjá Mannvirkjastofnun.

**Ítarlegri skoðun** Þegar kauptilboð er gert er alltaf hægt hafa í því fyrirvara um enn ítarlegri skoðun, ef ástæða þykir til. Eins og áður var sagt ber fasteignasöllum skylda til að tryggja hagsmuni bæði kaupenda og seljenda. Þess vegna er um að gera að láta fasteignasalann vinna fyrir kaupinu sínu og spyrja spurninga, sérstaklega þeirra erfiðu!

Áslaug Arna  
varð ung mjög  
ábyrg og  
sjálfbjarga.  
MYND/VALLI

# Óhrædd við að hrísta upp í hlutunum

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra verður þrítug í nóvember. Þrátt fyrir ungan aldur eru afrek hennar mörg og mikil.

Dorbjörg  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



Áslaug er uppalin að mestu í Ártúnsholtinu og er dóttir Kristínar Steinarsdóttur kennara og Sigurbjörns Magnússonar hæstaréttarlögmanns. Móðir Áslaugar Örnú lést fyrir átta árum úr krabbameini og er fjölskyldan mjög samrýnd. Áslaug er miðjubarn. Bróðir hennar Magnús er fæddur 1987 og yngri systirin Nína Kristín er fædd 1993.

Áslaug varð snemma mjög ábyrg og sjálfbjarga. „Ég var alin upp til að vera mjög sjálfstæð. Systir mín þurfti mikla athygli vegna fötlunar sinnar og ég þurfti því að vera sjálfstæðari fyrir vikið og stóð eftir sterkari. Foreldrar mínir pössuðu alltaf upp á mig og

veittu mér athygli, en ég fékk að hafa fyrir hlutum og það er ekki neikvætt.“

Áslaug er lögfræðingur að mennt, en vann hin ýmsu störf meðfram námi. Hún fór fljótlega að starfa í kringum hesta en foreldrar Áslaugar voru mikið hestafólk og heldur hún enn mikið upp á hestamennsku og fer á bak með föður sínum þegar tækifæri gefst. Hún starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu í tvö ár með skóla og sem lögreglumáður á Suðurlandi, sem er krefjandi starf fyrir unga manneskju, en ekkert getur sagt til um hvernig spilast úr deginum á vakt.

„Lífsreynsla mín fram að þeim tíma hjálpaði mér í starfinu, til dæmis að vera skilningsrík í erfiðum aðstæðum og geta sett mig í spor fólks. Maður þarf að leyfa sér að vera mannlegur

í þessu starfi þegar það á við. Ég spurði til dæmis einu sinni hvort ég mætti knúsa börnin, ef mér myndist það við hæfi í erfiðum heimilisaðstæðum. Svarið var já og mér sagt að treysta dómgreind minni. Lögreglumenn eru fyrst og fremst í þjónustustarfi við fólk.“

## Háskólaárin nýtt í að safna reynslu

„Markmiðið var ekki endilega að komast inn á þing svona snemma. Fyrir mér voru stjórnsmál alltaf spennandi en ég sá frekar fyrir mér að það væri eitthvað sem ég færi í seinna á lífsleiðinni. Ég sá fyrir mér að nýta háskólaárin til þess að fá fjölbreytta starfsreynslu,“ segir Áslaug sem gerði það svo sannarlega.

Hún hefur ekki valið sér þægilega innivinnu síðustu ár og hlýtur ansi oft að hafa

verið mjög andlega þreytt og jafnvel hrygg eftir erfiðan dag, þar sem tekið er á flóknunum og viðkvæmum málum, bæði sem lögreglukona og nú sem dómsmálaráðherra. „Maður lærir að takast á við tilfinningar sínar og leyfa sér að líða illa í stutta stund og halda síðan áfram.“

## Vopnleysið skapar traust

Sem dómsmálaráðherra er Áslaug æðsti yfirmaður lögreglunnar á Íslandi. Vopnaburður lögreglumanna er reglulega til umræðu, en lögreglan á Íslandi er almennt óvopnuð að frátalinni kylfu og piparúða. „Það er hennar aðalsmerki að vera óvopnuð og leysa málin án vopnaskaks. Hluti af ástæðunni fyrir því hve mikils trausts og stuðnings lögreglan nýtur, er hversu hófstíllt hún er almennt séð í aðgerðum og viðbrögðum sínum.“

Umræða um vopn sem eiga ekki að valda mannláti (svo sem rafbyssur) hefur fengið hljómgrunn meðal lögreglumanna, sem sumir hverjir kalla eftir millistigi milli kylfu og byssu. „Ég held að sú nálgun, að lögreglan sé án vopna, hafi skapað það mikla traust sem hún nýtur og það er ekki sjálfgefið að hún haldi því trausti. Ekki stendur til að breyta því verklagi sem nú er varðandi vopnaburð lögreglunnar.“

Áslaug segir það alls óvíst að það myndi skapa lögreglumönnum meira öryggi í starfi að auka vopnaburð og bendir á að sérsveitin sé kölluð út þegar grunur leikur á um að hættustigið sé þess eðlis að nauðsynlegt geti reynst að grípa til vopna.

Þegar Áslaug tók við dómsmálaráðuneytinu var mikill órói innan lögreglunnar og





vantrauststillaga á hendur þáverandi ríkislögreglustjóra, Haraldi Johannessen, var samþykkt af öllum lögreglustjórum landsins, nema einum. Í kjölfarið var samið um starfslok við Harald.

Áslaug segir stöðuna í lögreglunni í dag vera betri og mikla ánægju til dæmis með lögregluráð, sem sett var á fót og tók til starfa í byrjun ársins. Áslaug segir það hafa verið mikilvægan lið í að bæta samstarf innan æðstu stjórnar lögreglunnar. „Að setja á fót lögregluráð sem formlegan samráðsvettvang hefur virkað mjög vel.“ Áslaug segir að lögreglumenn hafi verið afar mikilvægir í framlínunni undanfarið. Mikið mæði á þeim líkt og sást bersýnilega um síðustu helgi þegar lögreglumadur smitaðist af COVID-19 við skyldustörf.

“Maður lærir að takast á við tilfinningar sínar og leyfa sér að liða illa í stutta stund og halda síðan áfram.

#### Ekki mikið fyrir boð og bönn

Mikið hefur verið rætt um spilafíkn upp á síðkastið þar sem flestir spilakassar voru lokaðir í samgöngubanni og hefur sú umræða sprottið upp hvort ekki sé kominn tími á að loka kössunum endanlega. „Ég er ekki mikið fyrir boð og bönn. Ágóðinn af starfsemi fer til margvíslegra mála, meðal annars í þágu fólks með fíknivanda. Mér finnst að frumkvæðið ætti frekar að koma frá þeim almannaheillafélögum og öðrum, sem njóta góðs af rekstri kassanna, að loka þeim.“

Hún segir þörfina ekki hverfa, þó rekstur spilakassa verði bannaður. „Spilin færast þá líklega enn frekar á internetið og þá þarf að spyrja sig hvort það muni ekki aðeins leiða til þess að þetta færist meira undir yfirborðið. Það

var ákveðið með þeirri framkvæmd sem nú er, að gera þetta svona til að hafa þetta uppi á yfirborðinu og ég tel vænlegra til árangurs að hafa um happdrætti og netspil skýrar leikreglur. Sú stefna hefur verið ríkjandi áratugum saman og ég sé ekki að það verði stórar breytingar á þessu í náinni framtíð.“

#### Rafræn stjórnsýsla mun létta lífið

Rafræn stjórnsýsla er dómsmálaráðherra afar hugleikin, en Íslendingar munu sem dæmi geta haft ökuskírteini sín á rafrænu formi í símanum í lok júní, ef allt gengur upp.

„Það er slæmt þegar fólk upplifir ríkið þungt og seinlegt. Það er allt of langur biðtími hjá sýslumanni, svo tekið sé dæmi. Með rafrænni stjórnsýslu verður hægt að nálgast



Áslaug segist vel geta séð fyrir sér að starfa við eitthvað allt annað í framtíðinni, eins og til dæmis sem kennari.

MYND/VALLI

ýmis eyðublöð og umsóknir og afgreiða mál með skjótari hætti. Það verður mikill munur að geta þinglýst skjölum, sótt um fæðingarorlof og annað, rafrænt. Þetta mun spara tugi milljóna og auka þjónustu en fyrst og fremst auðvelda líf almennings.“

**En hvað með að gifta sig rafrænt?**

„Já, það er spurning um votta og slíkt, en það er eitthvað sem gæti orðið að veruleika. Ég er að reyna að einfalda hjúskaparlögin þannig að til dæmis lögskilnaður verði aðgengilegri og einfaldari. Ég hef mikinn áhuga á að reyna að einfalda líf fólks.“

#### Landamærabíllinn umdeildur

Útlendingamálin eru málaflökkur sem alltaf er talsvert í umræðunni. Áslaug segir málaflökkinn skiljanlega viðkvæman því hann snúist um fólk. „Við viljum öll gera vel, við höfum byggt upp öflugt verndarkerfi sem í senn á að vera mannúðlegt og virka vel. Stjórnvísan er þó orðin of þung, kostnaðurinn mikill og verst af öllu að einstaklingar bíða of lengi eftir niðurstöðu sinna mála.“

**Getum við ekki tekið á móti fleirum?**

„Jú og aldrei höfum við veitt fleirum vernd en í fyrra. Við þurfum þó að passa að kerfið fyrir alþjóðlega vernd sé neydarkerfi og virki sem best fyrir þá einstaklinga

“Ég hef lært það að lífið getur tekið marga, óvænta snúninga og því er mikilvægt að njóta þeirra verkefna sem maður sinnir hverju sinni.

sem þurfa á vernd að halda og eru á flóttu undan ofsóknum og lífshættu. Á sama tíma verðum við að þora að ræða breytingar á atvinnuleyfi þeirra sem hingað vilja koma og vinna og eru í leit að betri lífskjörum.“

Svokallaður Landamærabíll var nýverið tekinn í notkun og hefur verið gagnrýndur hart fyrir þar sé ómálefnalega tekið á útlendingum. „Landamærabíllinn var keyptur til að bæta úr athugasemdum sem komu frá Schengen um að landamæraeftirliti í höfnum hér væri ábótavant. Hann er því færanleg landamærastöð. Síðan er það einnig verkefni lögreglunnar, ásamt öðrum

aðilum, að vinna að eftirliti á vinnuarkaði og var það einn angari af Lífskjarasamningnum. Í skoðuninni felst hvort aðilar séu með gild skilríki og hafi tilskilin leyfi, og mat á hvort um fórnarlömb mannsals geti verið að ræða. Þessa vinnu þarf að nálgast faglega og þar á kynþáttahyggja, eða hvers kyns mismunun önnur, ekkert erindi.“

#### Hendir sér ekki á Tinder

Áslaug segist almennt upplifa það jákvætt að vera ung kona í stjórnárum og að það sé meðbyr með henni frekar en hitt. „Mér leyfist að vera ópolinmóðari og ýta á eftir verkefnum sem hafa ekki hreyfst

lengi. Almennt fæ ég mjög gott viðmót og ég get hrist upp í hlutunum.“

Hún segist helst finna kynbundinn mun þegar spurningar um útlit og hjúskaparstöðu hennar komi upp. Hún viðurkennir að hún sé reglulega spurð um ástálif sitt. „Það er ekki mitt að hafa áhyggjur af því hvað fólk finnst um mitt hjúskaparlíf.“

**Hvernig er það fyrir hana sem einhleypa konu að eiga einkalíf? Dómsmálaráðherra hendir sér ekkert á Tinder, er það?**

„Nei.“ Áslaug segir að þetta sé ekkert vandamál. „Ég sóttist sjálf eftir því að vera í þeirri stöðu sem ég er í dag,

svo ég mikla það ekki fyrir mér að finna leiðir til að sinna mínu einkalífi.“

Áslaug sér fyrir sér að eignast börn í framtíðinni og fer ekki í felur með það að athyglin getur ekki verið alls staðar í einu. „Í öllum stórum verkefnum þarf að gefa eitthvað annað eftir. Það er þó auðvitað vel hægt að eiga fjölskyldu, ala upp börn og vera ráðherra. En ég verð ekki endalaust hér. Maður veit aldrei hvernig lífið þróast. Ég hef einsett mér að sinna vel því sem ég er í hverju sinni. Ég hef lært það að lífið getur tekið marga, óvænta snúninga og því er mikilvægt að njóta þeirra verkefna sem maður sinnir hverju sinni.“

#### Gæti vel hugsað sér að verða kennari

Aðspurð hvaða starf hún hefði valið sér ef hún hefði ekki farið í stjórnárum svarar hún: „Ég gæti bæði ímyndað mér að vera lögreglumaður og kennari. Ég fékk að kynna kennarastarfinu í gegnum mömmu, sem alltaf var að leita nýrra leiða til að glæða áhuga nemenda sinna á efninu og nýta tæknina í kennslu. Síðan á maður ýmsum kennurum á lífsleiðinni mikið að þakka.“

**Þú hræðist sum sé ekki dólgslæti?**

„Nei,“ svarar hún og brosir. „Ég hef gaman af fólk og mun alltaf velja mér starf þar sem ég þarf að vera í miklum samskiptum við fólk. Í skólakerfinu er verið að hafa góð áhrif

á framtíðina á allt annan hátt en í stjórnámálum,“ segir Ás­laug, sem útilokar ekki kennarastarfið í framtíðinni. „Ég sé vel fyrir mér að gera svo eitthvað allt annað þegar ég er orðin stór.“

#### Enginn leyndarmálaskápur

Ráðherrar fá úthlutað bílstjóra þegar þeir taka við embætti sínu. Bróðir Ás­laugar grínaðist með það þegar hún tók við embættinu, að götur borgarinnar væru strax öruggari ef hún væri ekki á bíl. Sjálf kys Ás­laug að ganga stundum til og frá vinnu þegar kostur gefst, en slíkt er ekki sjálfgefið.

Aðspurð hvort hún hafi þurft að fá undanþágu frá öryggisreglum til að ganga til vinnu, svarar hún: „Kannski ekki alveg undanþágu. Ég bý mjög nálægt vinnunni og geng stundum til eða frá vinnu. Bílstjórinn er þó líka öryggisvörður ráðherra, svo það er kannski frekar málið. Það eru mjög frjálslugar öryggisreglur héraendis, miðað við annars staðar.“

Þegar hún er spurð hvort hún sé ekki með peningaskáp fullan af leyndarmálum á skrifstofunni kippast munnvikin upp. „Nei, ekki get ég sagt það.“

**Áttu ekki einu sinni stóran „trúnaðarmál“-stimpil?**

„Kannski ritari ráðuneytisins.“

#### Misgóðir dagar

Aðspurð um sína stærstu áskorun í starfi segir Ás­laug að þeir sem séu svo lánsamir að fá að starfa í stjórnámálum, gangi að því vísu að það verði ýmsar erfiðar áskoranir, því málefnin snerta líf fólks beint. „Einhver sagði nú í gamni að þetta væri ráðuneyti sem tæki á málum frá vöggu til grafar, af því undir dómsmálaráðuneytið falla barnamál ýmiss konar, gjaldþrotaskipti, útlendingamál, dómstólar, þjóðkirkjan og kirkjugarðar. Og lögreglan og sýslumaður og allt þarna á milli. Það eru mestu áskoranirnar að eiga við viðkvæm mál. Þetta eru mál sem tengjast oft stærstu erfiðleikunum í lífi fólks. Ég er í þessu verkefni til að auðvelda líf fólks og gera það betra.“

Ás­laug segir það lykilatriði í sínu lífi að umkringja sig góðu fólki þegar á reynir. „Það koma upp viðkvæm mál og þau munu alltaf vera hluti af verkefnum stjórnámalanna. Það helst í hendur þegar þú tekur að þér svona stórt verkefni að það er ekki alltaf einfalt, en það er partur af því sem ég sóttist eftir. Ég bjóst alltaf við því að þetta yrði líka erfitt.“

**En þú hlýtur stundum að bugast? Við gerum það flest.**

„Við eigum öll misgóða daga, það er hægt að segja um hvaða starf sem er. Ég er samt alltaf meðvituð um það að verkefnin eru til þess að takast á við þau og það er ekki hægt að færa erfiðu verkefni á milli daga. En vissulega eru verkefni, bæði í ráðuneytinu og í þinginu, sem ég tek inn á mig og sum eru erfiðari en önnur. Rétt



Ás­laug segir lykilinn að velgengni sinni að hún sé óhrædd.

MYND/VALLI

eins og ég lýsti því hvernig maður þarf að vera mannlegur í lögreglunni, er maður líka mannlegur í stjórnámálum.“

#### Hugrekki er leynivopnið

Það virðist fátt koma Ás­laugu úr jafnvægi, sem mætti líklega flokkast sem leynivopnið hennar. Aðspurð hvað hún telji vera lykilinn á bak við velgengni sína segir hún: „Ég hef alltaf lagt mig fram um að vera óhrædd. Sama við hvað er að etja. Óhrædd

við að biðja um það sem mig langar, að segja hvað mér finnst, að tapa, að fá ekki það sem ég vil, að tala um tilfinningar mínar. Það er held ég þetta viðhorf, að vera óhrædd, sem hefur komið mér hvað lengst, ekki bara í stjórnámálum heldur almennt í lífinu.“

Það er ekki hægt að kveðja Ás­laugu án þess að spyrja hana út í COVID og hennar tilfinningu fyrir framhaldinu. „Vá, þetta er búinn að

vera ótrúlegur tími. Þessi veira er búin að hafa áhrif þvert á landamæri og einstaklinga. Það sem við stjórn­málafólk getum tekið til okkar og lært af þessu, er að samvinna og upplýsingagjöf til fólks er algjört lykilatriði. Við erum góð í að taka slag, sem þjóð, enda setjum við allt í það.“

Hún segir að nú muni þó reyna á þólrifin. „Takmarkanir mega ekki fara að hafa verri áhrif en árangurinn af

þeim. Það er hættulegt að setja takmarkanir á frelsi fólks. Nú þurfa stjórn­málamaenn að hjálpa fólki og fyrir­tekjum að komast í gegnum öldurótið. Það eru mörg félagsleg og heilsufarsleg vandamál sem fylgja því að búa við efnahagssamdrátt og atvinnuleysi til lengri tíma,“ segir Ás­laug, en það er ljóst að hún efast ekki um getu samlanda sinna til að skara fram úr enn á ný, ef veirudjölfullinn lætur til sín taka. ■

# ÞETTA ERU MJÖG SLÆM SKILABOÐ INN Í FRÆÐASAMFÉLAGIÐ

Mál Þorvaldar Gylfasonar hefur vakið mikla athygli í vikunni og sitt sýnist hverjum um hæfi hans.

Trausti Salvar  
Kristjánsson  
traustisalvar@eyjan.is



Ef draga má lærdóm af máli Þorvaldar Gylfasonar, hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands, varðandi þá ákvörðun fjármálaráðuneytisins að mæla ekki með honum til ritstjórnarstarfa fyrir norræna fræðatímaritið Nordic Economic Policy Review, er sá lærdómur að fræðimenn hafi vissulega fullt málfrelsi, en að orðum fylgi ábyrgð. Það er álit fræðimanna við Háskóla Íslands sem Eyjan ræddi við í vikunni, í tilefni ummæla Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis á mánudag, um að fræðimenn gætu valdið sér sjálfsskaða með því að fara inn á vettvang stjórnmalanna með stórvirkum hætti. Vísaði Bjarni til þess þegar Þorvaldur líkti Sjálfstæðismönnum sem töluðu um lýðræði, við nasista sem auglýstu gasgrill, árið 2018.

## Engar svarthvítar reglur

Hulda Þórisdóttir, dósent í stjórnmálafræði, segir fræðimenn ólíkar persónur, sem þó eigi það sameiginlegt að verða dæmdir af verkum sínum:

„Fræðimenn hafa fullt málfrelsi eins og annað fólk, en ef ég tala opinberlega í nafni minna fræða þarf ég að geta bakkað það upp auðvitað. Sumir hafa miklar skoðanir og liggur mikið á hjarta, meðan aðrir eru ekki með eindregna afstöðu. En það verða seint gerðar svart-hvítar reglur um þetta.“

## Ekki hvetjandi fyrir hvassyrta

„Burtséð frá persónum og leikendum, ef maður lítur á það sem út úr þessu ferli kemur, þá er það nú ekki beinlínis hvetjandi fyrir þá sem eru í



Bjarni Benediktsson á leið á opinn fund hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í vikunni.

MYND/VALLI



Stefanía Óskarsdóttir  
dósent í  
stjórnmálafræði

akademíunni eða þá sem eru starfsmenn ráðuneytanna, að hafa sjálfstæða skoðun. Þetta eru slæm skilaboð inn í fræðasamfélagið,“ segir Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor. Hann telur málið hverfast um þröngsýni í fjármálaráðuneytinu:

„Þeir sem eru dálítið hvassyrta, þó þeir séu afburða fræðimenn eins og í þessu tilfelli og þekktir utan landsteinanna, virðast ekki metnir að verðleikum. Ekki er lítið á faglega getu í þessu samhengi, heldur ræður eins konar hrepparígur för.“

## Öðruvísi ef „omvendt“

Aðspurður hvort hann teldi líklegt að vintristjórn myndi ráða hægrisinnadan fræðimann til svipaðra starfa, ef aðstæðum yrði snúið við, taldi Þórólfur svo vera, nema umræddur maður væri Hannes Hólmsteinn Gissurarson:

„Hannes er ekki hæfur til slíkra starfa. Þarna er ólíku saman að jafna. Það er stórkostleg móðgun við Þorvald að bera þá saman. En ef þetta væru til dæmis Jón Daníelsson eða Práinn Eggertsson, þá er ég ekki viss um að vintristjórn myndi þvælast jafn mikið fyrir þeim og Sjálfstæðisflokkurinn í tilfelli Þorvaldar.“



Þórólfur Matthíasson  
hagfræðiprófessor

## Segir frekar en þegir

Sjálfur segist Þórólfur hafa fengið að kenna á því fyrir að vera ekki „þægur“, þar sem þvælast hafi verið fyrir honum við gagnaöflun og vísindastarfsemi sína:

„Já, ég finn vel fyrir því, ég er ekki beðinn um að vera í stjórnnum, nefndum og ráðum nema í undantekningartilvikum. Ég efast ekki um að ef ég hefði hagað málflutningi mínum með öðrum hætti og verið þægur, þá hefði það eflaust skilað sér betur í budduna. En það gerist oft að látið er eins og maður hafi enga þjálfun eða þekkingu á því sem maður er að tjá sig um og það er frekar hlægilegt og kannski það sem verið er að gefa í skyn í þessu máli,“ segir Þórólfur. Aðspurður um hvort kunningjasamfélagið hafi ráðið för í máli Þorvaldar, líkt og Bjarni gaf í skyn, sagði Þórólfur: „Mér fannst þetta nú ómaklegt gagnvart aðila sem kemur að vali Nóbelsverðlaunahafa, en Bjarni þekkir nú kunningjasamfélagið betur en ég.“

## Fullt málfrelsi

Stefanía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði, segir að fræðimenn séu alltaf fræðimenn þegar þeir tali opinberlega:



Ekki eru allir á eitt sáttir um hvort Þorvaldur Gylfason sé rétti maðurinn til að ritstýra Nordic Economic Policy Review.

MYND/GVA



Hulda Þórisdóttir  
dósent í  
stjórnmálafræði

„Þá gildir þessi almenna regla að hafa skal það sem sannara reynist og hver maður ber ábyrgð á eigin orðum. Þeir sem eru í þessu starfi, háskólakennarar, eru hvattir til þess að leggja líka eitthvað til samfélagsumræðunnar. Og auðvitað hafa fræðimenn fullt málfrelsi einnig.“

Stefanía segist hafa fengið sinn skerf af gagnrýni, en það falli undir akademískt frelsi að fræðimenn eigi ekki að þurfa að veigra sér við að tjá sig opinberlega.

## Klíkuskapur

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, telur málið byggjast á klíkuskap:

„Málið snýst að mínum dómi ekki um það, hvort fræðimenn dæmi sig úr leik með ummælum sínum opinberlega. Það fer eftir ummælum og verkefnum, hvort það minnkar getu þeirra til að sinna einhverjum verkefnum. Að vísu er það svo um ummæli Þorvaldar, að hann hefur gert lítið úr helför gyðinga með því að vera í sífellu að líkja einhverjum tiltölulega saklausum athöfnum Sjálfstæðismanna við helförina. Eða þegar hann spurði, hvort Sjálfstæðismenn færu ekki bráðum að heiðra Adolf Hitler fyrir að



Hannes Hólmsteinn Gissurarson  
prófessor í  
stjórnmálafræði

hafa kennt sér ýmsar stjórnmálabrellur. Hér er gert lítið úr mannvönsku nasista. Þessi ummæli eru alveg á jaðri þess sem talist getur boðlegt. Víða erlendis myndu samtök gyðinga gera alvarlegar athugasemdir við þau og raunar líka háskólayfirvöld. Þorvaldur hefur einnig látið að því liggja að einn turnanna í New York hafi ekki fallið vegna hryðjuverkaárásarinnar 2001 og að háttsettir aðilar í Lýðveldisflokknum (Republikanar) hafi látið myrða John F. Kennedy. Mér finnst þessar kenningar óneitanlega undarlegar.“

## Ys og þys út af engu

„En málið snýst ekki um nein af þessum ummælum Þorvaldar, þótt einhverjir kynnu að telja þau sum, eða öll, bera vott um minni dómgreind en æskilegt er í trúnaðarstörf úti í löndum, hvað sem líður grúski uppi í háskólum. Málið snýst um það, að sænski hagfræðingurinn Lars Calmfors, sem er einkavinur Þorvaldar, ætlaði að tröða honum í þetta verkefni án þess að bera það undir til þess bæra aðila. Hann ætlaði að fara fram hjá venjulegum og viðurkenndum vinnuferlum. Þetta heitir klíkuskapur og einkavinavæðing á íslensku. Allt er þetta mál ys og þys út af engu.“ ■



# LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,  
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

# LÍÐA VEL

LUR.IS

Dönsk  
gæði

Lama®

Danskt handverk  
síðan 1939



Öll sæti  
og bak  
stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi



BRUNSTAD

Brunstad  
hvíldarstóll



Öll sæti  
stillanleg

ISABELLA hægindasófi.  
Sjá nánar á lur.is



SITTING VISION  
hvíldarstóllar



Stillanleg  
rúm



Svefnsofar í miklu úrvali.

Margar  
stærðir



BUGATTI®  
ITALY



Öll sæti  
stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanlegur  
höfuðpúði

GRACE hægindastóll



ORACOL tungusófi

CALIA  
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK  
Opíð alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LUR  
BETRI HVÍLD

## Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón  
Bragason

eyjan@eyjan.is



Í aðdraganda forsetakosninga er enn á ný rætt um hlutverk og stöðu forsetans. Valdheimildir hans eru sem fyrr oftúlkaðar, en embætti þjóðhöfðingja í þingræðisríkjum fylgja gjarnan lítil eiginleg völd. Samt sem áður er hlutverk hans ekki endilega veigaminna fyrir það. Charles de Gaulle Frakklandsforseti sagði þjóðhöfðingjann eiga að vera eins konar „l'esprit de la nation“ – þjóðaranda, eða sameiningartákn þjóðarinnar.

**Skipun utanþingsstjórnar**

Líklega er staða forseta Austurríkis einna líkust forsetaembættinu íslenska. Austurríkisforseti er kjörinn í almennri atkvæðagreiðslu, en kjörtímabilið er sex ár og hann má aðeins sitja samfleytt tvö kjörtímabil í röð.

Í maímánuði í fyrra féll ríkisstjórn Sebastian Kurz, kanslara Austurríkis og leiðtoga Þjóðarflokksins, í kjölfar hneykslismáls sem tengdist þáverandi varakanslara og formanni Frelsisflokksins, Heinz-Christian Strache. Skömmu eftir fall stjórnarinnar lýsti austurríska þingið yfir vantrausti á stjórnina. Í stað þess að hún sæti áfram sem starfsstjórn skipaði Alexander Van der Bellen, forseti landsins, utanþingsstjórn með Brigitte Bierlein sem kanslara. Hún hefur aldrei komið nærri stjórn málum og var forseti stjórnlagadómstóls Austurríkis. Bierlein sat sem kanslari fram í janúar á þessu ári þegar Kurz myndaði nýja ríkisstjórn, að þessu sinni með Græningjum, en skipun utanþingsstjórnar er afar fátíð í þingræðisríkjum samtímans. Viðlíka aðstæður geta orðið hér á landi og forseti því haft mikilvægu hlutverki að gegna, þó svo að ekki hafi verið skipuð utanþingsstjórn á Íslandi síðan 1942.

**Að synja ráðherra um skipun**

Þess eru líka dæmi að forseti Austurríkis hafi synjað tilnefndum ráðherra um skipun. Það gerðist seinast í tíð Thomasar Klestil, sem var forseti 1992–2004. Hann neitaði tvisvar að skipa ráðherra. Annar var flæktur í rannsókn sakamáls, hinn hafði sýnt af sér útlendingaandúð í kosningabaráttu.

Hér er líka fróðlegt að skoða stöðu forseta Ítalíu, sem kjörinn er af um það bil eitt þúsund þingmönnum ítalska þingsins og kjörmönnum sem héraðsstjórnir tilnefna. Ítalíuforseti hefur þar af leiðandi ekki viðlíka lýðræðislegt umboð og forsetar Íslands og Austurríkis. Það vakti því heimsathygli 27. maí 2018, þegar Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, neitaði að veita Fimm stjórn



Alexander Van der Bellen, forseti Austurríkis, með Sebastian Kurz kanslara. Van der Bellen skipaði utanþingsstjórn í fyrra þegar þingið lýsti vantrausti á stjórn Kurz. Þjóðarflokkurinn, flokkur Kurz, vann stórsigur í þingkosningum og hefur nú myndað nýja stjórn. MYND/GETTY

# FORSETAR ÍSLANDS, AUSTURRÍKIS OG ÍTALÍU

Forsetar Austurríkis og Ítalíu hafa synjað tilnefndum ráðherra um skipun. Margt líkt með forsetakosningunum nú og árið 1988.

hreyfingunni og Bandalaginu umboð til stjórnarmyndunar, yrði Paolo Savona fjármála- og efnahagsmálaráðherra. Mattarella gerði þess í stað tillögu um aðra fulltrúa viðkomandi flokka í embættið.

Savona er prófessor í hagfræði og nýtur virðingar sem fræðimaður, en hefur haft uppi efasemdir um myntbandalag Evrópu. Árið 2015 gekk hann svo langt að velja því upp að Ítalir skyldu vera undirbúnir undir mögulegt brotthvarf úr myntbandalaginu.

Báðir þeir forsetar sem hér hafa verið nefndir, Van der Bellen og Mattarella, eru aldraðir, 76 og 78 ára gamlir, og hafa áunnið sér mikla virðingu. Beinum afskiptum þeirra af skipun ríkisstjórna og einstakra ráðherra er fróðlegt að velja upp í íslensku samhengi. Forseti Íslands felur ráðherra vald sitt, en hvernig tækju stjórnsmálmenn því hér á landi ef hann synjaði tilnefndum ráðherra um skipun?

**Mótframboð árið 1988**

Forsetar Íslands hafa flestir haldið sig utan við dægurþrasíð og setið á friðarstóli. Fyrstu þrjú forsetar lýðveldisins,

Sveinn Björnsson, Ásgeir Ásgeirsson og Kristján Eldjárn fengu aldrei mótframboð meðan þeir sátu í embætti. Vigdís Finnbogadóttir var sjálfkjörin 1984 eftir fjögur ár á forsetastóli, en 1988 brá svo við að Sigrúnu Þorsteinsdóttur úr Vestmannaeyjum tókst að safna tilskildum fjölda meðmælenda. Sigrún hafði starfað í Sjálfstæðisflokknum og síðar í Flokki mannsins. Hún kvaðst myndu vilja að forseti yrði miklu virkari í stjórn málum og að hann ætti óspart að synja lagafrumvörpum staðfestingar.

Í ævisögu Vigdísar eftir Pál Valsson segir að Vigdís hafi verið vandi á höndum hvernig hún ætti að snúa sér gagnvart framboði Sigrúnar, þar sem ekki yrði um mikla baráttu að ræða. Grípum niður í ævisöguna: „Vigdís varð að gæta sín á því að tala ekki þannig að hægt væri að saka hana um hroka, eða að tala niður til mótframboðandans með neinum hætti, því hún var þjóðhöfðinginn og fulltrúi valdsins.“

**Yfirburðasigur**

Vigdís tók þá afstöðu að hafna óskum Sigrúnar um kosninga-

**Forsetakosningar**

Hlutfall greiddra atkvæða til þess sem náði kjöri. Aftan við nafn hins kjörna og prósentur er heildarfjöldi atkvæða sem hann hlaut.

1954	Ásgeir Ásgeirsson	46,7%	32.924
1968	Kristján Eldjárn	65,6%	67.544
1980	Vigdís Finnbogadóttir	33,8%	46.611
1988	Vigdís Finnbogadóttir	92,7%	117.292
1996	Ólafur Ragnar Grímsson	41,4%	68.370
2004	Ólafur Ragnar Grímsson	67,5%	90.662
2012	Ólafur Ragnar Grímsson	52,8%	84.036
2016	Guðni Th. Jóhannesson	39,1%	71.359

fundi og sagði þjóðina geta dæmt sig af verkum sínum. En þrátt fyrir það hvöttu stuðningsmenn Vigdísar landsmenn til að mæta á kjörstað og sýna þannig í verki þakklæti fyrir hennar störf. Fróðlegt er að bera kosningabaráttuna 1988 saman við þá sem nú er háð, enda margt líkt.

Svo fór að Vigdís fékk mesta stuðning sem nokkur hefur hlotið í forsetakosningum hér á landi, eða 92,7% greiddra atkvæða, en Sigrún 5,3%. Kjörsókn var 72,4%. Alls greiddu 117.292 manns Vigdís atkvæði sitt, en enginn framboðandi hefur fyrr eða síðar fengið

yfir 100 þúsund atkvæði. Þar með var Vigdís orðin óumdeild sem sameiningartákn þjóðarinnar.

**Hver ætli kjörsóknin verði?** Líklega varð 72,4% kjörsókn að teljast góð, því fjöldi fólks var í ferðalögum þegar kosið var 25. júní 1988. Og sama dag var háður úrslitaleikur Evrópukeppninnar í knattspyrnu milli Hollands og Sovétríkja.

Fróðlegt verður að sjá hver kjörsóknin verður í forsetakosningunum 27. júní nk. og atkvæðatölurnar sömuleiðis, þó fáir efast um úrslitin. ■

**EVY**  
TECHNOLOGY

**UVA**

**5 stjörnur**



**ALLT AÐ 6 TÍMA  
SÓLARVÖRN**

**beauty  
shortlist  
AWARDS  
2018**

**WINNER**



www.bast-i-test.se/solkram

## ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

Viðbætt kollagen, silkeextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

**Grunnformúlan er  
læknisfræðilega skráð**



# Vinsælustu fegrunar- aðgerðirnar á Íslandi í dag

Fegrunaraðgerðir eru eins vinsælar og þær eru umdeildar. Það er misjafnt hverju sinni, hvaða aðgerðir eru vinsælastar. Hannes Sigurjónsson lýtalæknir segir lagfæringu á kviðvegg um leið og svuntuaðgerð er gerð, geta lagað bakverki til muna.

Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



Hannes Sigurjónsson lýtalæknir starfar á lýtalækningastöðinni Dea Medica í Glæsibæ. Þar eru gerðar allar tegundir lýta- og fegrunaraðgerða. Hannes var í sérnámi á Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Stokkhólmi og var búsettur þar í nú árið, en er nú alfarið fluttur til Íslands. Hannes segir að um 20 prósent þeirra sem leita til hans séu karlmenn.

## Próun síðustu ár

Aðspurður hvort það hafi orðið einhver þróun varðandi vinsældir fegrunaraðgerða undanfarið áttíu ára svarar Hannes játandi.

„Það hefur verið vinsælt síðastliðin misseri að fjarlægja silíkonpúða og lyfta brjóstunum og/eða gera fitufyllingu. Við fitufyllingu er notað fitusog á svæðum þar sem einstaklingurinn vill losna við fitu. Fitun er síðan unnin á ákveðinn hátt, þar sem blóð og vökvi er skilið frá og fitan brotin niður í smærri einingar. Henni er síðan komið fyrir í brjóstunum með sprautu. Þarna er komin góð leið til að stækka og móta brjóst, en að sjálfsögðu ekki hægt að stækka jafnmikið með fitu, samanborið við ísetningu púða,“ segir hann.

Brjóstastækkanir hafa verið ein vinsælasta aðgerðin og eru það enn. „Konur eru nú meðvitaðri um hvers konar púða og af hvaða tegund lýtalækna nota. Þær eru upplýstari um kosti og galla ólíkra aðgerðartegunda og púða. Á Dea Medica notum við púða frá framleiðanda sem heitir Motiva. Þeir púðar hafa komið einna best út úr rannsóknum á öryggi og langtímaárangri,“ segir Hannes en ekkert lát er á vinsældum brjóstaaðgerða.

## Fylliefni

Fylliefni eru vinsæl í dag og mikið notuð til að bæta upp tap á fyllingu í andliti, sem verður þegar árin færast yfir, að sögn Hannesar. Hann segir það aðallega ungar konur sem sækjast eftir því að stækka og móta varirnar.

„Einnig er hægt að lagfæra



Hannes reiknar með að vinsældir húðfjarlægingar muni aukast í framtíðinni, vegna aukinna vinsælda hjáveituaðgerða.

MYND/ÆSEND

## VINSÆLUSTU FEGRUNARADGERÐIRNAR Í DAG

### Fitusog

„Fitusog er einnig mjög vinsælt. Sú aðgerð miðar að því að fjarlægja fitu af svæðum þar sem fólk á erfitt með að losna við fitu, jafnvel þó það sé í kjörþyngd, svo sem á maga eða mitti, upphandleggjum eða lærum.“

### Bótox

„Bótox til að slaka á vöðum í andliti, í þeim tilgangi að minnka hrukkur.“

### Svuntuaðgerð

Hannes segir að mikil aukning hafi orðið í aðgerðum sem miða að því að fjarlægja aukahúð eftir þyngdartaþ. „Þar er svuntuaðgerð vinsælust, þar sem aukahúð er fjarlægð af maga. Þar að auki er kviðveggurinn lagfærður, en hann gliðnar oft í sundur á meðgöngu eða við mikla þyngdaraukningu. Þessi gliðnun veldur því að kviðveggurinn er ekki eins sterkur og hann ætti að vera. Það eitt getur valdið langvarandi bakverkjum. Með aðgerðinni er þetta leiðrétt og höfum við á Karolinska háskólasjúkrahúsinu birt rannsóknir sem styðja það að þessi lagfæring getur bætt bakverki að miklu leyti.“

### Brjóstaaðgerðir

„Brjóstaaðgerðir ýmissa konar eru með vinsælustu aðgerðunum sem við lýtalækna gerum. Svo sem lyfting, minnkun, stækkun með púða og fituflutningur,“ segir Hannes.

### Augnlokaaðgerðin

„Augnlokaaðgerð er líklega vinsælasta aðgerðin sem við gerum í staðdeyfingu. Þá er aukahúð fjarlægð og fitupúði sem við erum með undir húðinni minnkaður.“

### Húðfjarlæging

„Húðfjarlæging á öðrum svæðum svo sem upphandleggjum og lærum er einnig algeng og á sennilega eftir að aukast í framtíðinni, þar sem vinsældir ýmissa magaminnkunaradgerða hafa aukist mjög síðastliðin ár,“ segir Hannes.



MYNDR/GETTY

ýmis útlitsvandamál með fylliefni, svo sem skekkjur á nefi og ósamræmi milli andlitshelminga. Fylliefni eru yfirleitt úr svokallaðri hýalúrónsýru, sem er náttúrulegt efni og fyrirfinnst í húðinni okkar. Hýalúrónsýra, kollagen og fita, minnkar svo með aldrinum í andliti og því er gott að eiga möguleikann á því að fylla í á ný,“ segir Hannes.

„Algengasti aldurshópurinn þegar kemur að fylliefnum er á milli 35 og 65 ára. Yngri konur sækjast einnig eftir meðferðum með fylliefnum, en þá eru það sérstaklega varirnar sem sá aldurshópur vill stækka og móta,“ segir hann og bætir við:

„Mín tilfinning er sú að meðferð með fylliefnum sé að verða hófstilltari og um leið almennari. „Less is more“ eru til dæmis mín einkunnarorð þegar kemur að fylliefnum og leitast ég eftir að ná náttúrulegri niðurstöðu, þar sem einstaklingurinn lítur vel út og að það sjáist helst ekki að eitthvað hafi verið gert.“

## Umdeild aðgerð

Það hafa sumir talað um að brazilian butt lift sé ein hættulegasta fegrunaraðgerð sem völ er á. Þetta er aðgerð þar sem fita er notuð til að fylla í rass og mjaðmir.

„Þessi aðgerð fékk á sig slæmt orð vegna tíðra fylgikvilla, sem aðallega voru vegna þess að ósérhæfðir aðilar voru að framkvæma þessar aðgerðir, það er, ekki lýtalækna, og jafnvel voru þær framkvæmdar í kjallaraíbúðum erlendis, þar sem iðnaðarsilíkoni eða öðrum efnum var komið fyrir í rassinum. En ef þessi aðgerð er gerð af sérhæfðum lýtalækni á faglegan hátt, við viðurkenndar aðstæður og með viðurkenndum aðferðum, þá er tíðni fylgikvilla ekki hærrí en við aðrar algengar fegrunaraðgerðir,“ segir Hannes.

Hann segir að aðgerðin sé ekki meðal algengustu aðgerðanna hér á landi, en hann er mikið spurður um hana.

„Þá er mikilvægt að upplýsa einstaklinginn vel um hvornig aðgerðin er framkvæmd, hvaða takmarkanir hún hefur og um hugsanlega fylgikvilla.“ ■



# Á ferð um landið

## BORGARNES



MYND/GETTY

Borgarnes er dásamlegur án- ingarstaður í nágrenni höfuð- borgarinnar. Þar eru fjölmörg skemmtileg söfn, þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.



MYND/ÐSEND

### KRAUMA

Krauma eru skemmtilegar náttúrulegar við vatnmesta hver Evrópu, Deildartunguhver, og eru því í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Borgarnesi. Náttúrulegarnar innihalda hreint og tært vatn, beint úr Deildartunguhver, sem kælt er með vatni undan öxlum Oks. Laugarnar eru sex talsins, fimm heitar og ein köld. Engum sóttbreinsandi efnum er bætt í vatnið, heldur er hreinleiki þess tryggður með mjög miklu vatnsrennsli í laugarnar. Huggulegur veitingastaður er á staðnum og slökunarherbergi. Hægt er að panta sér drykk ofan í laugarnar og tilvalið að gefa sér góðan tíma til að slaka á. Í júní bjóða til dæmis Nova, Olís og Arion banki tvo fyrir einn, frá sunnudegi til fimmtudags, og þeir sem eru með Icelandic Coupons eru með 15% afslátt í böðin. Einnig er boðið upp á tilboð í tengslum við ferðaávisunina.



SKJÁSKOT/FACEBOOK

### LANDNÁMSSETRID

Í Landnámssetri Íslands er hægt að kynnast Egils sögu og landnáms sögunni í nútímaútfærslu. Í Landnámssetrinu eru tvær fastar sýningar, önnur um landnám Íslands, en hin um Egils sögu. Farið er í gegnum sýningarnar með hljóðleiðsögn sem til er á 15 tungumálum, auk sérstakrar barnaleiðsagnar á íslensku. Safnið er einstaklega vel heppnað og lifandi. Þar eru reglulegir viðburðir og veitingastaðurinn virkilega góður. Hugmyndina að Landnámssetrinu fengu hjónin Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir sumarið 2003 og byggðu það upp af miklum myndarbrag. Kjartan er virtur leikstjóri og bera sýningarnar allar keim af hæfileikum hans.



MYND/ÐSEND

### SAMGÖNGUSAFNID OG LATABÆJARSAFNID

Í Samgöngusafninu er að finna fornabila frá síðustu öld, ljósmyndir og sögur, auk veglegs safns af lög- regluhúfum. Í Latabæjarsafninu eru litríkir og skemmtilegir munir sem notaðir voru við tókur sjón- varpsþáttanna um íþróttálfinn og félag hans, en forspraki þátt- anna og íþróttálfurinn sjálfur, Magnús Scheving, er uppallinn í Borgarnesi. Tók Magnús sjálfur virkan þátt í að koma Latabæjar- safninu upp, en hann þykir ansi handlaginn.



MYND/ÐSEND

### ENGLENDINGAVÍK

Við Kaupfélagsfjöruna í Borgarnesi er að finna guðdómlegt gisti- hús og veitingastað. Staðurinn er einstaklega notalegur og leitast er við að láta húsnæðið halda sér sem upprunalegustu. Huggulegur pallur er fyrir utan veitingahúsið, þar sem yndislegt er að sitja á góðviðrisdögum og virða fyrir sér litlu Brákarey. Skipulagðar uppákomur verða á staðnum alla laugardaga í júlí og ágúst.



MYND/ÐSEND

### HAMARSVÖLLUR

Borgarnes býr yfir glæsilegum 18 holu golfvelli, sem stendur rétt fyrir utan bæinn. Völlurinn skartar líka ákaflega skemmti- legum starfsmönnum, ef marka má nýlega frétt á heimasíðu vallarins: „Hamarsvöllur kom vel undan vetri, þrátt fyrir að sá skratti hafi verið mjög rýsjóttur og viðsjárverður. Framkvæmdastjóri / vallarstjóri hóf þó snemma að kitla gróðurinn til dáða á flötum og öðrum mikilvægum stöðum.“

### B59

Það er nokkuð ljóst að Borgarnes hefur ansi margt upp á að bjóða og því tilvalið að dvelja yfir nótt. B59 er eitt best geymda leyndarmál lands- ins, en þar er virkilega góður matur á hagstæðu verði (tveir veitingastað- ir), falleg herbergi, spa og afar þjón- ustulundað starfsfólk. Mælt er með

að kíkja á Snorra Bistro í hádeginu, en þar má fá góðan mat á mjög góðu verði að ógleymdum Aperol Spritz kokteilnum, sem allir elska. Í júní er boðið upp á tilboð, gisting með freyðandi fordrykk, aðgang í spa, þriggja rétta kvöldverði og morgun- verði á aðeins 24.900 krónum.



SKJÁSKOT/FACEBOOK



MYND/PJETUR

### BJÖSSARÓLÓ

Það er stutt gönguleið frá Eng- lendingavík og yfir á Bjössaróló. Róluvöllurinn er allur gerður úr endurunnu efni, svo sem rekavið. Bjössaróló er hannaður og smíð- aður af Birni Guðmundssyni. Á Bjössaróló eru rólur, rennibrautir, vegasalt, gamall bátur, brú og ýmislegt fleira skemmtilegt. Fjaran liggur svo á milli Eng- lendingavíkur og Bjössarólós og þar er upplagt að tína nokkrar skeljar og byggja kastala, ef fata og skófla eru með í för.



MYND/ÐSEND

### LEIKFANGASAFNID

Leikfangasafn Soffu saman- stendur af safni Óskar Elínar Jóhannesdóttur og leikfangasafni sem var staðsett í lðnó, ásamt leikföngum í eigu velunnara safns- ins. Safnið er opið öllum. Frítt er á safnið, en frjáls framlög eru vel þegin og lítill baukur er á staðnum. Safnið er staðsett við hlið Eng- lendingavíkur og er því tilvalið að reka þar inn nefið á leiðinni á Bjössaróló, eða á leið í kræsingar á pallinum á Englendingavík.




SKJÁSKOT/FACEBOOK

### STEDJI BRUGGHUS OG GISTING

Bruggúsið Steðji tekur bæði á móti gestum í skoðunarferð og smakk í gestastofu sinni. Brugg- húsið er eigu hjónanna Svanhildar Valdimarsdóttur og Dagbjarts Ari- líussonar, sem einnig reka gisti- ngu í forni hálfgerðra smáhýsa, sem líta út eins og bjórtunnur. Bruggúsið framleiðir ýmiss konar bjór, til dæmis Halelúja jölabjór og Súran þorrabjór með keim af hvalseista. Steðji er í 25 mínútna akstursfjarlægð frá Borgarnesi.



Gunnar Sveinsson framkvæmdastjóri BSÍ



„Rútan“, tákn Rútudagsins á þakinu.

Rútdagurinn var haldinn til að vekja athygli á fyrirbærinu rúta, sem var orðin samgróidd umhverfinu að sögn Gunnars Sveinssonar framkvæmdastjóra BSÍ.

MYNDIR/TÍMARIT.IS

# Erfitt sumarfrí fyrir jurtaætur

Á árum áður þótti það alls ekki sjálfsagt að henda sér upp í flugvél til Spánar þótt spáð væri rigningu í viku eða svo.



Sólgleraugin sem voru í tísku árið 1999 gætu slegið í gegn í ár.

**TÍMAVÉLIN**  
 Rútur þóttu bæði hipp og kúl á áttunda áratugnum svo ekki sé nú talað um hjólhýsi sem voru sjaldgæf sjón. Ef flugvél var fyrir valinu var hringurinn í kringum landið falur fyrir 10.500 krónum.

mjúka svefnstóla, gott loft-ræstikerfi, ljós yfir hverju sæti, sjónvarps- og myndbandstæki, kaffivélar og kælikápa, útvörp, segulbönd og hátalarakerfi og fleiri útgöngudyr, sem auðvelduðu farþegum inn- og útgöngu.

**Sumarfrí jurtaættunnar**  
 Jurtaætur eiga erfiða daga í sumarfrí. Íslenskar þjóðvegaspóppur hafa enn ekki heyrt getið um grænmetisfæði og þótt gaman sé að heimsækja gróðurhúsabændur og kaupa beint af þeim nýspröttið og gömsætt þá eru þeir fáir og langt á milli þeirra. Það er helst að snúa sér að því að lifa af því sem landið gefur af sér til að forðast pulsátt. Bláberg, valhumall, ljónslappi, rjúpnalauf, svo fátt sé nefnt, eru meðal algengra vel ætra jurta. Þessar jurtir eru hins vegar ekki matarmiklar en þegar hausta tekur er matur á hverri þúfu í berjamó og hvarnstóði. Hugsanlega má grafa upp rætur að fornum síð en

**Að fljúga hringinn með Flugleiðum**  
 Fyrir rúmum 30 árum buðu Flugleiðir upp á hringflug á einum mánuði. Þeir staðir sem voru í hringferðinni ásamt Reykjavík voru Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir og Höfn. Kostaði hringferðarmiðinn litlar 10.500 krónum.

Árið 2001 var mælt með því fyrir jurtaætur að lifa af því sem landið gefur af sér.

eða grænmetisfæði, hafi ekki verið margir.

**Hjólhýsi algengari í Evrópu**  
 „Hjólhýsi eru einna sjaldgæfust hér á landi. Helst er að fólk kaupi sér hjólhýsi sem á sér fast land, sumarbústaðaland eða eitthvað slíkt. Þau hafa ekki fest rætur á Íslandi, því erfitt er að ferðast með þau hér. Hjólhýsi eru mjög stór og erfitt er að keyra með þau ef vegir eru ekki góðir.“ Svona hljóðar umfjöllun DV um hjólhýsi árið 1999. Vegir á landinu virðast hafa verið endurbættir. Hjólhýsi á vegum landsins eru orðin algeng sjón og virðast vinsældir þeirra aðeins aukast. ■

**Rútdagurinn á BSÍ**  
 Þann 11. júní 1988 var Rútdagurinn haldinn hátíðlegur á Umferðarmiðstöðinni, eða BSÍ. Kemur þetta fram í Lesbók Morgunblaðsins sama dag. Samkvæmt Gunnari Sveinssyni, þáverandi framkvæmdarstjóra BSÍ, hafði rútuferðum fækkað um 10% árlega í tvö til þrjú ár á undan. Samkeppni við einkabílinn og flug var að aukast, þrátt fyrir aukin gæði í rútum.  
 Á þessum tíma innihélt hágæða rúta hágæða dún-

**Flugleiðir um landið allt**  
 Aðalunarflug Flugfélagsins tryggir fljóta, þægilega og ódýra ferð, og taklífi til að leita þangað sem veðrið er best. Í sumar fljúgam við 100 áttunarförir í viku milli Reykjavíkur og 13 ákvörðunarstaða um land allt. Og til þess að tengja einstaka landshluta betur saman höfum við tekið upp hringflug. Hringflug okkar umhverfis landið með áttunarförum er séstærst ferðarlífið til yðar. Fyrir kr. 7.600 getið þér ferðast hringinn Reykjavík — Ísafjörður — Akureyri — Egilsstaðir — Hornafjörður — Reykjavík. Það er sama hvar ferðin hefst. Sé ísafirri stuþp kostar hringurinn kr. 6.000. Atrá venjulegir alíslastir eru veittir af þessu fagglíði. Fyrir hjón, fjóskýður, hópá o. s. frv. Keyrið yður hinar líðu ferðir, sem skipulagðar eru frá festum tendingarstöðum Flugfélagsins til nærliggjandi byggða og eftirstöðustu ferðamannastaða. Slærri ætlan en nokkur síuni — allt með Fokker skvöluþotum. Frekari upplýsingar veita umboðsmenn og ferðaskrifstofurnar.

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS**

Fyrir um 30 árum var áætlunarflug á Fagurhólsmýri.



Hjólhýsi eru mun meira notuð í Evrópu en hér á landi.  
 Hjólhýsi á vegum landsins í lok síðustu aldar voru sjaldgæf sjón.



## Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

### 1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

### 1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-  
stjórnun á  
stóran þátt í góðum  
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

### 1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

## Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

# GRAFINN LIFANDI Á EINUM AFSKEKKTASTA STAÐ ÁSTRALÍU

Hinn ástralski Ricky Megee óraði ekki fyrir að ævin-týraferðin sem hann var á leið í yrði 71 dags barátta upp á líf og dauða.

## LÍFSHÁSKI

Unnur Regína Gunnarsdóttir



Ricky var ungur og áhyggjulaus þegar hann fór í aðdrifaríka bílferð frá Adelaide til Port Hedland. Hann hafði keypt sér Mitsubishi Challenger og beið hans rúmlega 1.000 kílómetra ferð yfir óbyggðir Ástralíu.

Ferðin gekk vel og þegar Ricky sá þrjá menn í vegarkantinum standa yfir bíludum bíl þótti honum sjálfsagt að stöðva bíl sinn og bjóða fram aðstoð. Mennirnir voru hinir almennilegustu og var ákveðið að einn þeirra fengi far með Ricky að nálægum smábæ.

Ricky bauð nýja ferðafélaga sínum svaladrykk úr kæliboxi í aftursætinu og þáði hann drykkinn með þökkum. Þeir spjölluðu um daginn og veginn og það Ricky hann um að rétta sér eina dós úr aftursætinu þar sem hann var orðinn þyrstur.

### Saklaus ferðafélagi?

Ricky fann fyrir yfirþyrmandi þreytu og reyndi að halda augunum opnum. Það leið ekki á löngu þar til hann var orðinn svo sljór að hann gat ekki lengur stýrt bílnum. Við hlið hans sat ferðafélaginn og brosti, alveg áhyggjulaus yfir þessu öllu saman.

Þennan dag var Ricky Megee rænt af mönnum sem hann hafði boðið hjálp sína, þeir byrðu honum ólyfjan í bílnum og næstu daga rankaði Ricky aðeins nokkrum sinnum við sér til að drekka vatn og í því voru meiri lyf. Í þau fáu skipti sem hann var með meðvitund kallaði hann til mannanna að sleppa sér,



Ricky missti 60 kíló á 71 einum degi. Í dag er hann hraustur og hamingjusamlega giftur Kate Megee.

SKJÁSKOT/FACEBOOK

að leyfa sér að fara, en aldrei bárust nein svör.

### Hvar eru skórnir mínir?

Næst þegar Ricky vaknaði var allt dimmt, hann hreyfði fætterna og fann að hann var skólaus. Hann fann fyrir mold í andliti sínu og áttaði sig á að hann hafi verið grafinn lifandi. Mennirnir höfðu grafið grunna gröf og hent honum ofan í hana. Ricky náði að klóra sig upp og við honum blasti allt annað landslag en það sem hann hafði keyrt eftir í byrjun ferðarinnar.

Þetta var algjör auðn, þarna var ekkert. Berfættur, með engar vistir og ekki svo mikið sem vatnsdropa byrjaði Ricky Megee að ganga. Ferðin sem fram undan var er vægast sagt ótrúleg.

### Hvað ert þú tilbúinn að gera til að lifa af?

Ricky var orðinn mjög sár-fættur og þyrstur. Þegar ljóst var að hann fyndi ekkert vatn og tekið var að blæða úr fótum hans endaði hann á að drekka þvagið úr sjálfum sér. Hann ákvað með sjálfum sér að hann myndi gera hvað sem er til að lifa af. Eftir tvær vikur í óbyggðum fann Ricky uppistöðulón, yfirfullt af vatni, sem varð honum til lífs. Hann byggði sér skýli úr mold og borðaði gróðurinn í kringum stífluna.

En líkami hans var veikburða af hungri svo Ricky brá á það ráð að smakka hin ýmsu skordýr sem leyndust við stífluna. Hann veiddi froska,

engisprettur, krybbur, eðlur, maura og síðast en ekki síst blódsugur.

Blódsugurnar fundust honum bestar. Hann borðaði þær með jurtum sem hann nýtti sem bragðbæti.

### Hvaða dagur er í dag?

Ricky barðist eins og ljón við að halda í sér lífinu, hann léttist hratt og þrátt fyrir tilraunir hans til að fá næringu, varð hann sífellt meira veikburða.

Einn morguninn vaknaði hann með svo sáran verk í munninum að tárin runnu niður kinnarnar. Ricky gat lítið annað gert en að athuga málið með fingrunum og var fljótur að átta sig á því að hann var með sýkta tönn og fóru næstu tveir tímarnir í að rífa hana úr með fingrunum og hreinsa út blóð og gröft.

Eftir þetta átti hann enn erfiðara með að tyggja jurtirnar og gróðurinn sem í kringum hann var og hætti hann að lokum að geta opnað munninn vegna verkja.

Líkami hans var svo illa farinn að hann var hættur að geta gengið og lá bara inni í skýlinu sínu. Hvaða dagur var? Eftir því sem hann komst næst hafði hann verið þarna í 71 dag.

### Það er einhver að skipta um gir

Inn í skýlið barst lágt vélarhljóð en Ricky kippti sér ekki upp við það, hélt að hann væri bara að ímynda sér þetta. En eftir því sem hljóðið færðist nær þá fór hann að velta því

fyrir sér hvort mögulega gæti verið bíll að nálgast.

Ricky reisti sig við og þá heyrði hann það, hljóð sem hann þekkti, hljóð sem hann myndi aldrei gleyma. Það var einhver að skipta um gir. Adrenalínið streymdi um æðar hans og náði hann að klöngrast út úr skýlinu og veifa höndunum í átt að bílnum.

Mennirnir í bílnum hétu Bruce og Taz og voru vinnu-menn á kúabýli. Þeir sem betur fer sáu Ricky og furðu lostnir hjálpuðu þeir þessum undarlega manni inn í bílinn.

### Efasemdir lögreglunnar

Keyrt var með Ricky á býlið þangað sem sjúkraflugvél kom að sækja hann. Áfallið sem hann fékk þegar hann sá sjálfan sig í spegli var gríðarlegt, hann var eins og beinagrind. Ricky hafði misst 60 kíló á þessum tíma og stóð hann þarna, 46 kíló og þekkti ekki sjálfan sig.

Við komuna á spítalann undirgekkst hann margar rannsóknir sem komu allar vel út, líffæri hans voru í lagi og það eina sem amaði að var næringarskortur og mikið þyngdartap. Á hverjum degi borðaði Ricky um 12 litlar máltíðir á dag til þess að ná aftur upp þyngd.

Lögreglan kom fljótlega og yfirheyrði hann og þar sem Ricky var á sakaskrá fyrir líkamsárás beindust spjótin fljótt að því að hann hefði verið að gera eitthvað ólöglegt og væri ekki að segja alla söguna. Ricky sór og sárt

við lagði að hann segði sannleikann, en lögreglan hóf aldrei leit að mönnum sem rændu honum og gerði í raun mjög lítið úr frásögn Rickys og ýjaði að því að hann væri að búa þetta allt saman til.

### Læknar koma Ricky til varnar

Tveir virtir læknar komu Ricky til varnar og skrifuðu greinargerðir sem studdu hans mál og fóru þar vel yfir að það sem Ricky hefði lent í væri mjög raunverulegt og að hann hefði verið mjög nálægt dauða sínum þegar hann fannst.

Fjölmiðlar gerðu sér mikinn mat úr þessu máli og umræðan um Ricky Megee var á allra vörum. Ricky leið illa í sviðsljósinu og eftir að hann bætti á sig kílóum og útskrifaðist af spítala þá flutti hann og hvarf í fjöldann.

Lögreglan fann aldrei ræningjana, en bíllinn hans fannst mikið skemmdur og búið var að taka öll verðmæti úr honum. Ricky fór aftur á þessar slóðir með blaðamanninum Greg Mclean og skrifuðu þeir félagar bók um þessa stórbrotu reynslu Rickys.

Ricky er í dag hamingjusamlega giftur og hefur heilsa hans ekki liðið fyrir lífsháskann. ■

Hlaðvarpið **HÁSKI** kemur út á mánudögum á vef DV. Lumar þú á Lífsháskasögu? Sendu okkur endilega ábendingu á [haskipodcast@gmail.com](mailto:haskipodcast@gmail.com)



GLÆSILEGAR ÚTSÝNISÍBÚÐIR MEÐ BÍLAKJALLARA!



BÓKAÐU  
SKOÐUN HJÁ  
OKKUR!

# HAFNARGATA 29

VANDAÐAR, FULLBÚNAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ KEFLAVÍKUR

Stuðlaberg Fasteignasala kynnir til sölu glæsilegar íbúðir í 17 íbúða blokk á frábærum stað miðsvæðis í Keflavík. Húsið er á fimm hæðum ásamt kjallara sem er undir íbúðunum. Staði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum og er aðgengi að bílageymslu í kjallara. Íbúðinar eru af ýmsum stærðum og gerðum, tveggja til fjögurra herbergja íbúðir. Íbúðirnar eru með opnar svalir sem snúa til austurs og vesturs. Sér þvottaherbergi er í öllum íbúðum nema einni.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA STARFSMENN STUÐLABERGS Í SÍMA 4204000  
EÐA Á SKRIFSTOFU AÐ HAFNARGÖTU 20 Í KEFLAVÍK.



VERÐ FRÁ  
395.000  
KR. Á FM.



Tveggja herbergja



Þriggja herbergja



Fjögurra herbergja



Tveggja herbergja



Guðlaugur H. Guðlaugss.  
löggiltur fasteignasali  
laugi@studlaberg.is  
863 0100



Brynjar Guðlaugss.  
löggiltur fasteignasali  
brynjar@studlaberg.is  
896 5464



Halldór Magnúss.  
löggiltur fasteignasali  
dori@studlaberg.is  
863 4495



Haraldur Guðmundss.  
löggiltur fasteignasali  
halli@studlaberg.is  
661 9391



Guðbjörg Pétursd.  
skrifstofustjóri  
gugga@studlaberg.is



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, 230 Reykjanesbæ · 420 4000 · studlaberg@studlaberg.is



## PUBLIC HOUSE GASTROPUB

Public House var einn af fyrstu stöðunum sem buðu upp á botnlaus gleði um helgar. Alla föstudaga til sunnudaga kostar botnlaus gleði af mat og drykk aðeins 4.990 krónur, sem hlýtur að vera besta tilboð í bænum. Viðskiptavinir geta pantað hvað sem er af brönsmatseðlinum en þó aðeins tvo rétti í einu. Hægt er að velja af góðu úrvali drykkja svo sem bjór, prosecco, Bloody Mary eða Mandarínu Mímósu.



## KOL

Alla laugardaga og sunnudaga milli 12 og 15 er boðið upp á Bubblu Bröns. Hægt er að panta staka smarétti eða fimm rétta

samsettan Lúxus Bröns fyrir aðeins 3.990 krónur. Einnig er hægt að fá Botnlausar Bubblur með Lúxus Brönsinum á 2.990 á

mann. Þá er byrjað á Aperol Spritz í fordrykk og síðan færðu ómælt magn af Piccini Prosecco, Mimosa og Bellini í tvo tíma.



## APÓTEKIÐ

Veitingahúsið Apótekið býður einnig upp á svokallaðan míníbar líkt og Fjallkonan. Apótekið byrjaði fyrir stuttu með bröns sem hefur mælst mjög vel fyrir. Hægt er að panta sérstakan Mímósu-míníbar á borðið sem telur þrjár tegundir af ávaxtasafa auk bláberja, jarðarberja og sítrusávaxta að ógleymdri freyðivínsflösku.



## FJALLKONAN

Fjallkonan er mjög vinsæll staður, ekki síst fyrir þær sakir að hún er staðsett við Ingólfrstorg og skartar góðu útsvæði sem fátt

toppar þegar vel viðrar. Á Fjallkonunni er hægt að kaupa „make your own“ pakka um helgar, sem samanstendur af freyðivíns-

flösku og appelsínusafa fyrir borðið og kostar 4.500 krónur. Þar er einnig að finna eina trylltustu eftirrétti miðborgarinnar.

## BESTU TILBOÐIN

# Mímósur á slikk!

Botnlausir brönsar hafa slegið í gegn en fjöldi veitingahúsa býður nú upp á fast gjald í 2-3 tíma þar sem viðskiptavinir geta borðað og drukkið að vild. Slíkt hefur lengi tíðkast erlendis og þá sérstaklega í Bandaríkjunum með sína „all you can eat“ stemmingu. Íslendingar hafa verið álitnir of drykkfelldir fyrir slíkt, en þetta snarvirkar!



## BASTARD

Veitingastaðurinn Bastard er til húsa þar sem Vegamót voru áður. Um helgar er boðið upp á botnlausan bröns. Viðskiptavinir geta valið eins marga rétti af sérstökum, botnlausum brönsmatseðli og þá lystir í 2 tíma. Matseðillinn telur 25 mismunandi rétti sem eru í smarétttaformi. Verðið er 3.990 krónur á mann og ekki spillir fyrir að hægt er að bæta við botnlausum drykkjum svo sem freyðivíni, mímósu eða bjór í 2 tíma fyrir 2.500 krónur.

BESTI BRÖNSINN

# Coocoo's nest og Snaps á toppnum

Brönsmenningin nær sífellt hærri hæðum. Íslendingar hafa svo sannarlega tekið þessari bandarísku hefð opnum örmum. Almennt er skilgreiningin á bröns málsverður sem samanstendur af blöndu af morgun- og hádegisverði með áfengum drykk. Sunnudagshefð sem margir vilja tileinka sér.



Coocoo's Nest

„Minn uppáhaldsbrönsstaður er Coocoo's Nest. Ótrúlega hugguleg aðstæða, lítil og kósý og andrúmsloftið er gott. Morgunverðarvefjan er mitt „go to“ og ég mæli 100% með henni fyrir þá sem elska mexíkóskt!

„Alltaf best að heimsækja Coocoo's Nest á Grandi og Luna Flórens. Stórkostlegur, ferskur og lífrænn matur í bland við yndislegt umhverfi og góða þjónustu. Borða alltaf yfir mig þar, en líður samt undantekningarlaust vel eftir matinn á þessum dásamlega demanti í Vesturbænum.



Snaps

„Kannski of klassískt val en Snaps er einfaldlega langbestur þegar kemur að bröns. Maturinn, hönnunin á staðnum og andrúmsloftið upp á 10. Sé aldrei neinn í vondu skapi á Snaps.

„Snaps kemur fyrst upp í hugann, finnst geggjaddir brönsréttir þar. Ég fæ mér yfirleitt Avocado Toast á Snaps, það er guðdómlegt, geggjað brauð og hleypt egg... Þarf að segja meira?

„Með vinum mínum elska ég að fara á Snaps, þar er smjörið ekki sparad við eldun á eggjum og stemningin alltaf góð – maður hittir alltaf einhvern sem maður þekkir. – Í stærri hópum eða með fjölskyldu er þægilegt að fara á brönshlaðborð á Spírinni. Heiðarlegur matur, gott andrúmsloft og fínt verð. – Stundum stelst ég einn á Kaffivagninn. Þar er gott að sitja og lesa blaðið, borða egg og beikon og fá sér svo randalínu (það sem sumir kalla lagköku) með kaffinu á eftir. Ég elska að hverfa astur til gamalla tíma með því að fara á Kaffivagninn.



Spíran í Garðheimum

„Spíran er uppáhalds, svona „casual“. Þar getur maður farið með öllum vínahópnum, þar sem fólk getur alltaf fundið eitthvað við sitt hæfi. Hollusta og hrein fæða er áberandi. Andrúmsloftið er gott og lítið barnahorn, þar sem börnin geta leikið sér á meðan maður fær sér kaffi og brownie.



Mathús Garðabæjar

„Notalegt og þægilegt umhverfi til að koma og fá hágæðamat á góðu verði, ferd allt sem hugurinn girnist og ekki má gleyma efírréttabordinu. Mathús Garðabæjar á að vera fyrsta val hjá öllum þegar kemur að því að velja sér brönsstað.




Grái kötturinn

„Trukkurinn á Gráa kettinum er geggjaður. Egg og beikon, þykk braud-sneið, kariöflur, maukadir tómatar og pönnukökur með sírópi. Heldur manni söddum út vikuna!

Álitsgjafar

- Selma Björnsdóttir, leikstjóri og söngkona
- Unnur Ósp Stefánsdóttir, leikkona
- Lovísa Thompson, handboltakona
- Jóhann Laxdal, knattspyrnumaður
- Atli Sigurjónsson, knattspyrnumaður
- Bergrún Íris Sævarsdóttir, rithöfundur
- Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, knattspyrnukona
- Berglind Hreiðarsdóttir, matgæðingur á gottteri.is
- Sigurður Gunnarsson, útvarpsmaður á K100



# Una í eldhúsinu



MYNDIR/AÐSENDAR

## Kjúklingabringur fylltar með rjómaosti og grænmeti

### Fyrir 4

4 kjúklingabringur  
Salt og pipar  
Ólífúolía  
30 g smjör  
150 g brokkólí  
½ paprika, gul  
½ paprika, rauð  
½ paprika, appelsínugul  
10 sveppir  
2 hvítlausrif  
Smábútur af fersku engiferi  
150 g hvítlausrjómaostur með graslauk  
½ dl rjómi

Byrjið á að setja ólífúolíu í eldfast mót og leggið kjúklingabringurnar ofan í mótið og kryddið með salti og pipar. Setjið í ofninn á 200 gráður í um 30 mínútur.

Útbúið fyllinguna, finsaxið grænmetið, pressið hvítlausrifin með hvítlauxpressu og rífið niður engiferbútinn á rifjárn. Steikið allt grænmetið á pönnu með smjöri.

Pegar grænmetið er aðeins farið að mýkjast er rjómaosturinn og rjóminn settur út á pönnuna, hafið lágan hita á hellunni og hrærið vel



í blöndunni þar til osturinn hefur bráðnað.

Takið kjúklingabringurnar úr ofninum og leyfið þeim aðeins að kólna og jafna sig áður en þær eru

skornar endilangt og fyllingin sett inn í. Gott er að loka bringunum svo með tannstönglum.

Bringurnar eru svo settar aftur inn í ofn í um 10-12 mínútur.

Una Guðmundsdóttir, matgæðingur DV, er í miklum ham þessa dagana. Afraksturinn er virkilega girnilegt föstudagsgúmmelaði sem fjölskyldan elskar.



## Sætar kartöflur með fersku rósmaríni

Sæt kartafla  
Ferskt rósmarín  
Salt og pipar

ofninum og leggið ferskar rósmaríngreinar yfir og leyfið að vera í um 10 mínútur í ofninum til viðbótar.

Skerið sæta kartöflu í meðalþykkar sneiðar, setjið í eldfast mót með olíu og kryddið með salti og pipar.

Mjög gott er að bera þetta fram saman, leggja kjúklingabringurnar ofan á kartöflurnar og um að gera að nota restina af fyllingunni sem meðlæti með.

Setjið í ofn við 200 gráður í um 30 mínútur, takið svo kartöflurnar úr



# Við viljum Vilko!

-á vörum  
Íslendinga  
í yfir 50 ár

-einfaldara getur  
það ekki verið!



Dorbjörg  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



Ég er oftast með puttana í mörgum verkefnum, en þessa dagana er ég að einbeita mér að fyrirtækinu mínu Náttúrusmiðjunni ehf. sem á vörumerkið ICE-HERBS natural supplements. En það eru íslensk, náttúruleg bætiefni, sem ég vil meina að geri líf þitt betra og fallegra,“ segir Katrín, sem sjálf leggur mikið upp úr náttúrulegum hráefnum.

„Verandi upptekin móðir á hlaupum þá kýs maður lífsstíl sem er í einhvers konar jafnvægi flesta daga og með dágóða orku. Vörurnar okkar eru allar náttúrulegar og innihalda einungis hreinar jurtir og náttúrulegar afurðir og koma í vegan hylkjum. Þannig að þetta er allt fallett frá a til ö. Ofsalega gaman.“

Katrín segir að það séu engir tveir dagar eins hjá sér. „Ég er mikil A-manneskja og vakna alltaf snemma, alla daga vikunnar. Ég legg mikla áherslu á að byrja alla daga í engu stressi og trúi að það skili sér út í daginn og orkuna. Ég reyni eftir fremsta megni að koma dætrum mínum tveimur út í daginn að minnsta kosti smá zen-uðum, þótt það sé auðvitað stundum algjörlega steikt og ógerleg hugmynd.“

Annars er morgunbolli á einhverju kaffihúsinu með kærastanum mínum eða vinkonu fáránlega solid byrjun á góðum degi. Dætur mínar eiga tvö heimili, hjá mér og svo hjá pabba sínum, þannig að mér finnst ég eiga tvö mjög ólík líf. Algerlega tveir heimar á milli vikna þegar dætur mínar eru hjá mér, eða hjá pabba sínum. Ég kann að meta þetta fyrir-komulag.“

#### Burt með sykurslenið

„Ég er bara í flæðinu í þessu lífi. En eðlilega líður mér best þegar ég hlúi að mér á allan hátt og er mataræði þar engin undantekning. Ég aðhyllist hugmyndina um hófsemi í öllu og þá líka í mat, sem gerir mér það kleift að borða og drekka allt í heiminum, þó í hófi ef mig langar. Með árunum veit ég sjálf hvað fer vel í mig og hvað ekki og fylgi ég því bara minni eigin sannfæringu.“

Hins vegar er sykurát eitt-hvað sem ég reyni að lágmarka eins og ég get og mæli ég með því við alla,“ segir Katrín, en sykurslenið er letjandi að hennar sögn.

Katrín segist ekki eyða miklum tíma í eldhúsinu nema kannski um helgar.

„Mér finnst rosalega gaman að græja eitthvað skemmtilegt um helgar þegar heimilið mitt fyllist af börnum – ég elska þegar dætur mínar eru með vinkonur sínar heima og þá er gaman að henda í pönnukökur og vöffur, og ég elska að leggja fallega á borð og hugga mig. Þessi spurning fékk mig til að hugsa hvað eldamenska og það að borða góðan mat er



Katrín Amni er með mörg járn í eldinum.

MYNDIR/ABSENDAR

# Bjóðið fráskildum vinum ykkar í mat

Katrínu Amni, markaðsráðgjafa og meðeiganda ICEHERBS, er sama hvað öðrum finnst og hún borðar popp í kvöldmat ef henni sýnist.

## Hamingjumorgungrautur

Þessi grautur hefur gert alla hamingjusama sem hafa hann smakkað. Í hann er mikilvægt að vera villtur í dass-inu:

**1 bolli hafrar eða tröllahafrar**  
**3 msk. eða dass af chia-fræjum**  
**Lúka af bláberjum og / eða söx-uðum eplabítum**  
**Dass af (1-2 msk.) fræjum, hnetum og rúsínum – bara það sem þú átt.**  
**Ég nota hörfræ, sólblómafræ, rúsínur**  
**½ tsk. hlynsýróp (leyndarmálið mitt í eldhúsinu í flest)**  
**3 dropar vanilludropar**  
**Salt á hnífsoddi**  
**Hálf teskeið kanill**

*Hitað að suðu. Hitinn lækkaður og látið malla við lágan hita í 5 – 10 mín.*

*Sett í skál.*

*Ísköld mjólk yfir – ég vel rísmjólk.*

*Örlítið dass af hlynsýrópi yfir.*

*Svo má setja hvað sem er yfir. Ég set ber og / eða banana.*

*Fyrir dætur mínar á ég alltaf kökskraut sem ég set yfir hamingjugrautinn, sérstaklega um helgar. Það er rosa stemning, prófið!*

*Borðið hægt og fallega og brosið.*



félagslegt í alla staði, og helst það í hendur í hvernig mynstri þú lifir. Í dag bý ég ein með dætrum mínum tveimur og því er eldamenskan einföld!“

Hún segist sátt ef börnin hennar fá heimagerðan mat og grænmeti á kvöldin og allir séu heilsuhraustir. „Ég kýs frekar að eyða tímanum okkar saman í eitthvað skemmtilegt, frekar en að standa yfir pottunum og elda mat sem börn-

unum er svo mögulega alveg sama um.“

#### Popp í kvöldmat

„Þar sem áður fyrr, í svoköll-uðu fyrra lífi þegar ég var gift kona með eiginmann, börnin alltaf heima og þetta týpíska, formfasta heimilislíf, þá henti maður í þriggja rétta læti um helgar og fór upp í rúm með matreiðslubækurnar mega spenntur og slefaði yfir upp-

skriftum á Instagram.

Í dag er ég með minni kröfur og borða mögulega spínat-eggjáhæru þrisvar í viku, eða fæ mér bara popp í kvöldmat ef mér sýnist og finnst það geggjað. Þarf kannski að opna umræðuna? Ég ætla að taka af skarið, allir þarna úti, bjóðið vinum ykkar í mat sem eru fráskildir, með eða ekki með börnin. Við getum ekki borðað popp í kvöldmat endalaust.“

## Matseðill Katrínar Amni

#### Morgunmat

Grænt te, chia / hafragrautur – stundum ekkert.

#### Millimál

Kaffi – kaffi gerir mig hamingju-sama.

#### Hádegismatur

Algjörlega random, smoothie eða skál eða næs löns, þá vel ég oftast fisk.

#### Millimál

Alls konar og ekkert. Hnetur og ávextir.

#### Kvöldmat

Spínat-eggjáhæra kemur sterk inn þegar ég þarf bara að nærast. En annars vinn ég mest með fisk eða bakað grænmeti og kjúkling. Stundum popp, ef ég er mjög flippuð.

#### Uppáhaldsmáltíð?

Lax með grænu pestói, mozzarella, basilíku og sætum kartöflum. ■

# Öflug virkni fyrir glóandi húð

FORMA / G LE SAGE



## Glóandi & heilbrigð húð með náttúrulegri, íslenskri virkni

**Húð, hár og neglur** eru öflugar og náttúrulegar þaratöflur úr íslenskum þörungum. Töflurnar eru stútfullar af **steinefnum og vítamínum** sem hafa ríkuleg áhrif á húð, hár og neglur.

**Astaxanthin** er öflugt andoxunarefni sem hefur frábæra og styrkjandi virkni á húðina, eykur náttúrulega eiginleika hennar til þess að **verjast sólinni og útfjólubláum geislum** hennar. Astaxanthin bætir rakastig, mýkt og teygjanleika húðarinnar og dregur úr fínum hrukkum, blettum og freknum.



Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.

 **ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS

# Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir, hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina í

Fjölskylduhorni DV. Í þessari viku tekur Kristín fyrir hvernig kynda megi undir rómantíkinni á heimilinu.

Sérfræðingur svarar



## ÞAÐ SEM ER ÓVENJULEGT EÐA ÓLJÓST GETUR KVEIKT NEISTANN

**M**aðurinn minn er steinaldarmaður! Hann er frábær faðir og virkilega góður við okkur öll, en áttar sig ekki á mikilvægi þess að halda neistanum við í sambandinu. Hann spyr mig alltaf hvað ég vilji í jóla- og afmælisgjafir og virðist engan veginn skilja að blómvöndur, smá „surprise“ eða einlæg skilaboð myndu breyta miklu fyrir mig. Geta menn lært rómans???

### Tjáning borgar sig

Sæl. Takk fyrir góða spurningu. Stutta svarið er já. Þú getur kennt manninum þínum hvaða merkingu þú leggur í rómans og hvað þú sérð fyrir þér til þess að halda neistanum í sambandinu. Ef þú vilt að ég taki hann í kennslu væri það sennilega ekki vænlegt til heilla.

Langa svarið er alltaf að tjáning borgar sig. Hvernig líður þér og hvað þarftu? Þér líður eins og neistinn sé að slokkna og þú þarft meiri rómantík. Hvernig líður manninum þínum með það og hvað þarf hann? Þetta eru voldugar spurningar.

Svo er vert að hafa í huga að það er afar ólíkt hvað fólk upplifir sem rómantík og sömuleiðis að það er hægt að halda neistanum í sambandinu gangandi án þess að rómantík komi þar við sögu. Skrítið?

### Tveir verða einn

Í sumum ástarsamböndum byggir neistinn á losta, nánd, ástríðu, eða blöndu af þessu öllu saman. Í þínu sambandi þarftu meiri rómantík til þess að halda glóðunum heitum.

Þegar fólk er spurt hvernær það laðast mest að maka sínum þá eru svörin að sjálf-sögðu misjöfn, en þau eiga það mörg hver sammerkt að þau tengjast óvissu eða einhverju sem myndar fjarlægð. Nokkuð sem hljómar þversagnakennt því í ástarsambandi felst skuldbinding, þar sem báðir aðilar vilja tilheyra og finna fyrir því að þeir séu teymi. Tveir verða einn.



MYND/GETTY

Þegar fólk er spurt hvernær það laðast mest að maka sínum þá eru svörin að sjálf-sögðu misjöfn en þau eiga það mörg hver sammerkt að þau tengjast óvissu, eða einhverju sem myndar fjarlægð.

Margir nefna að þeir laðist helst að maka sínum þegar makinn geislar. Í því felst að makinn er glaður og öruggur, en það liggur ekki endilega fyrir hvers vegna. Það er eitthvað dulið á bak við þessa orðnotkun. Þá nefna margir að þegar makinn er í burtu þá er þráin eftir viðkomandi hvað mest. Nokkuð ljóst að

það sem er ekki til staðar er eftirsóknarvert. Sumir segja líka að þegar makinn kemur þér á óvart verði hann / hún meira aðlaðandi. Allt sem er óljóst, óvenjulegt eða öðruvísi.

### Öryggiskenndin mikilvæg

Þú nefnir að maðurinn þinn spyrji þig alltaf hvað þig

langar í og að fyrir vikið sé hann steinaldarmaður sem kunnir ekki að halda neistanum gangandi. Það gæti einmitt orsakast af því að þú þráir að hann sé þínu dulur og ekki eins og opin bók.

Ég leyfi mér að giska á að hann sé einmitt upptekin af því að hafa allt uppi á borðum og spyrji þig fyrir vikið hvað

þú viljir í afmælisgjöf, til að veita sér og þér öryggiskennd.

Fyrir honum er rómantík sennilega eitthvað allt annað en óvissa. Getur verið að honum finnst rómantík ekki mælast í blómvöndum?

Ég er alls ekki að dæma þig, ég vil heldur benda þér á að þú þráir að þrá manninn þinn meira. Til þess gæti hann þurft að vita hvað liggur þar að baki, að það sé gott að vita af öryggi hans, en þér þætti vænt um meiri spennu. Þar er hægt að leika sér og gætir þú jafnvel sýnt fordæmi á þessu sviði gagnvart honum. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: [hjonabandssaela@gmail.com](mailto:hjonabandssaela@gmail.com).

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.





# FRÁBÆR FYRSTU KAUP Í ÞORLÁKSHÖFN


VIÐ TÖKUM BÍLINN SEM ÚTBORGUN

Um er að ræða 2ja til 3ja herbergja íbúðir við Sambyggð í Þorlákshöfn.

Góðir lánamöguleikar í boði, kynntu þér málið hjá fasteignasala.

Verð frá 21.900.000 kr.

► **BÓKAÐU SKOÐUN  
HJÁ OKKUR!**



Fasteignasalan  
**GARÐUR**  
562-1200

„Við leggjum metnað í að koma eigninni þinni á framfæri og leggjum ríka áherslu á persónuleg og heiðarleg vinnubrögð“



Sveinbjörn Halldórsson  
lögilltur fasteignasali  
Sími: 892-2916  
sveinbjorn@fastgardur.is



Halldór Freyr Sveinbjörnsson  
lögilltur fasteignasali  
Sími: 693-2916  
halldor@fastgardur.is

Skipholt 5 - 105 - Reykjavík - [www.fastgardur.is](http://www.fastgardur.is)



**ÓREGLULEG SUDOKU**

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

6	5	7		8		2	4	
4		2				5		
8	1			2				
					2		9	3
	8						1	
2	4		1					
				9			7	8
		8				1		4
	2	1		5		6	3	9

**STAFARUGL**

Leynigестurinn í síðasta stafarugli var hin bráðnaudsynlega en sem vart nokkur vill muna eftir frá liðnum vetri, **SNJÓSKÓFLA**.

Núna er landinn strax farinn að flykkjast um landið og sum tjaldsvæði hafa meira að segja fyllst um helgar svo ferðahugur innanlands er bersýnilega kominn í mannskapinn. Og mörg, líkt og oft vill verða, hafa stökkið af stað óþreyjufull eftir að komast í frí en flýtt sér um of og lent í alls konar veseni þess vegna. Æi, við gleymdum... já, einmitt og hvar er varadekkið?

Það er því ekki af kvikindisskap að stafaruglið í þetta skiptið er um gleymda og glataða hluti, vesen og vandræði sem fylgja oft ferðalögum ef ekki er vel farið yfir allan útbúnað áður en lagt er í hann. Orðin eru vinsamlegar ábendingar um það sem borgar sig ekki að gleyma, plús óhöpp sem gera verður ráð fyrir.

Leynigестurinn að þessu sinni er þó það sem ég stórefa að gleymist enda nauðsynlegt að nota hvað sem tautar og raular og muni því vart gleymast hvert sem förinni er heitið.

varadekk vasaljós heftiplástur sólárvörn	spil punktera rúðupiss flugnabit	landakort flísatöng startkaplar tjakkur	batteri heyrnartól sölgleraugu felgulykill	söngbók teppi lopapeisa farartæki
---	---	--	---	--

**AMERÍSK KROSSGÁTA**

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11						12				
13						14				
15					16		17			
18				19			20			
			21			22				
23	24	25			26			27	28	29
30					31		32			
33				34		35				
36						37				
38						39				

- |  |  |   |   |
|--|--|---|---|
| <b>LÁRÉTT</b><br>1. brúða<br>6. frárennsli<br>11. viðburður<br>12. nær öll<br>13. flandur<br>14. gá<br>15. málmur<br>17. strengur<br>18. óhreinka<br>19. friður<br>20. aðalstíll | 21. óska<br>23. hestur<br>26. samtök<br>27. fljótfærni<br>30. númer tónverks<br>31. steintegund<br>33. nikka<br>35. dæla<br>36. nýr<br>37. angar<br>38. betlari<br>39. meiða | <b>LÓDRÉTT</b><br>1. braggast<br>2. ásynnd<br>3. tista<br>4. ánægjublossi<br>5. botnkraki<br>6. kraftur<br>7. flatlendi<br>8. espa<br>9. kærleiks<br>10. klifun | 16. vísa leið<br>21. embætti<br>22. skrautsteinn<br>23. brennivídd<br>24. skjöllaus<br>25. líffæri<br>27. beiskja<br>28. matjurt<br>29. glápa<br>32. þvaður<br>34. fugl |
|--|--|---|---|

Ú J B S D Í E T N Á R Y Í F Á P L K D O J I X Ý E S Y D L A  
 Á F F Ó O E E J K Ý B É L F Ð G F L I T V E Y Á M K Á H E É  
 É E I L K M U A I É V É H D Í A Í M I Á Í L Ý Ý V D X J S Á  
 H Y D A K V Ð Á K V F E A E V I Ý J Í B Y O X N Ó Á X X S E  
 N S J R Ð U Ú U P S F Ý M R Y T D F Ð Y Ý O X U H Ý A E G G  
 K É L V F A R A R T Æ K I U Ú R H Ð Ý E O K G A L F X G Í Ð  
 P X H Ö J K B E U F P Y I Ý Y J N M Ý I M U B V Í G Y Ý Y D  
 Ú Y K R B Y L Ó K M U Á K F F Ú Ð A K A A I V Ð S T V D Y L  
 K G H N K I T M E Á J Ý I B Ó T G Ó R R J É T X M Á P E A I  
 I M Ý J Y N Ð A T M É L K Ý Ó B É O E T H Ð Á R P V F Ð Í I  
 E Y S P N E T H Á É E Í T T O É Y L T K Ó Ý É Ý I M N P G L  
 L O O H U M O Ð N Ó R P E Ú N X G R Y G Í L S Á S L S I K Ý  
 V K S A U Ó O L P L J P P S B L O G K É V Á Á L Á I T M A Ó  
 G Á X H P Ý B M T B Ó R P I Ó K U H U V I S Í K O L T M Ó I  
 P L X L Ð Ó U J Ó Í U Ú I S A Ð E N K A U S P V Ý I O B A É  
 O Ý Í Y Ð Ý U Ý V R M R H D Á Ð X Ú H S Ó L D X Y F U P Ó F  
 G I V Í F I H Ð Ú Ú É I N M É É K A L A F K U Í N J N U A I  
 G I Ý B E Ú N B Á Ð Ó A R H U J H S Y L Ý O P F Ú Y U N X É  
 E Á K Ú R F E L G U L Y K I L L Ð Ð G J T Y X Á U O M K A G  
 Ð É H Ð F O Á I Á P Í K A G T L N J A Ó S Ó É X B É Ú T B Ú  
 M V D Á H N Ý H Ó I Y Y Ð U Ð U T G V S U Ý F L Ú L X E P X  
 V U Í U O U Ú B J S I X T Y É G N O A X D F X P G G G R Ó Y  
 Í Ú Y J M Ú J R H S H É E H E Í R J G Y J Ý K Ó X S A N O  
 Y H X Ý L P Ó Ý R R I U F L I P N O K A V D Ú É O H K P Ý Í  
 Ð N M V G V Ð V P S A A T H O N D S T V E Í P K U D U Ý I X  
 Á Ú B A U E S M Ð N H E F T I P L Á S T U R P R N R K Ý M L  
 Ý J Ó V Ý E U A B O G Á Ð J L Ð O E A S F N U Á Ð S R D P D  
 Ð É M G J Ð S O Á L L U X É Í K S H B A T T E R Í T D Á V U  
 E I F V A É N X G É Ó P E É Ó S Ý T Ð X Ú K K O L A Ý F D B  
 K X Ó U J T Á N A G O P J B P Á N Í E Ð O K K J R R J R N V  
 V R Ú M R P Ö S B O L P G I F Ó R S N H E L P L Ý T A D V G  
 Ð P E Ý Í T I Í Ó E P N U Ú K L L U F D N J J Ó S K J Í T Y  
 Ú L Ú K A E E I G G Ö I H T U G S Á A S R V B Ý F A J D H K  
 O B R S P E T Ð F S V E É J X E Í R P Í R F Ð Y A P J Y H D  
 Ý A Í A Ý N B Á U G F Ó L A R Ó A Ú Ó L Ý K E O S L E J X V  
 Ú L P D Ó Ý X E Ó G A G E K S V I U R O O I Í L G A Ð Í Ú S  
 F O Y D F P F E Ó S U Ú Í K O D Ð H D Ý T U H G Ð R R N H X  
 L L H J Í S Ð M É Ð G N Ó U S F E S G J E V A A G Á S M É Ú  
 K G E J F N Ó M V Í O I Ó R O Á Á É Ý Á A V S B G K A R S A  
 A N R O T Í N A M I E Y X Y Á F L U G N A B I T A Ó H B A R

**GÖNGUM INN Í SUMARIÐ**

Göngusérkortin með grænu röndinni sýna leiðir sem síminn þinn veit ekki einu sinni um og koma þér örugglega á áfangastað



Blue Ivy er ekki síðri tiskufyrirmynd en foreldrar hennar.

# BLÁU BÖRNIN

## í Hollywood

Hollywood-stjörnurnar eru frægar fyrir margt annað og meira en hæfileika sína og fegurð. Eru undarleg barnanöfn þar ofarlega á lista.

**O**furstjörnuhjónin Beyoncé og Jay-Z eiga eins og þekkt er þrjú börn; tvíburana Rumi og Sir sem eru nýorðin þriggja ára og Blue Ivy sem er átta. Nöfn barnanna eru í sérstakari kantinum og það vakti mikla athygli þegar Blue Ivy var skírd árið 2012, en það er gaman að segja frá því að Beyoncé og Jay-Z

eru ekki einu stjörnurnar með dálæti á bláum. Sonur Cher heitir Elijah Blue, en hann eignaðist gyðjan með tónlistarmanninum Gregg Allman árið 1976. Þrettán árum síðar, árið 1989, fæddist svo Blue Angel sem er dóttir The Edge, gítarleikara U2.


Árið 2000 fæddist leikarahjónunum John Travolta og Kelly Preston dóttir sem hlaut nafnið Ella Bleu. Ári síðar fæddist Bear Blu, sonur leikkonunnar Aliciu Silverstone, og Jackson Blue sonur leikkonunnar Mariu Bello fæddist sama ár.

Poison-söngvarinn Bret Michaels eignaðist son með eiginkonu sinni árið 2005, sem heitir Jorja Bleu Sychak.

Kryddstúlkan Geri Halliwell kom svo grjóthörð inn í baráttuna árið 2006, þegar hún splæsti í dýrari týpuna og lét skíra dóttur sína Bluebell Madonna. Við bíðum spennandi eftir næsta nafni í hinni æsispennandi blá-barnanafnaseríu fræga fólksins. ■



Blue Angel með pabba sínum.



Jackson Blue og Maria Bello.



Elijah Blue ásamt móður sinni Cher.



Jorja Bleu með fjölskyldunni.



Bear Blu í fanginu á mómmu sinni.



Bluebell Madonna og Ginger Spice.



Ella Bleu og John Travolta.

SPÁÐ Í...

stjörnurnar



LESID Í TAROT Þorgeir Ástvaldsson

STJÖRNUSPÁ Vikan 19.06. – 25.06.

Ég fer í fríð

Í þessari viku segjum við frá því hvaða sumarfrí myndi henta hverju og einu stjórnumerki best, og þar af leiðandi kom enginn annar til greina en Þorgeir Ástvaldsson tónlistarmaður og útvarpsmaður sem söng meðal annars lagið „Ég fer í fríð“. Þorgeir er líka fæddur í Tvíburamerkinu sem á einmitt afmælimánuð að þessu sinni. Lúna Fírenza, spádíva DV, lagði spilinn fyrir hann.

Tvíburinn er afar yndislegur, forvitinn og klár! Þeir geta jú átt tvo persónuleika, eins og merkið gefur til kynna, en það kemur ekki að sök. Manni leiðist sjaldan með tvíbbanum, hann er listrænn og upp-tækjasamur.

Æðsti prestur

Lykilorð: Trú, hefðir, viska

Æðsti prestur er táknrænn fyrir hefðir, en ég finn að þú hefur gott og gaman af hefðum. Þú átt góðar minningar úr fortíðinni þar sem fjölskyldan kom saman, söng og skemmti sér... hefðir eru fallegar, en það er líka gott að vera með opinn hug til að tileinka sér nýjar hefðir og skilja hefðir annarra. Einhver náinn þér mun hvetja þig áfram í nýju áhugamáli sem mun vinda upp á sig. Mundu að rækta innra barnið og forvitnina. Gefðu þér tíma til að leika þér.

Myntriddari

Lykilorð: Öryggi, agi, gnægð, lærdómur

Það er augljóst að þú ert kominn á öruggan og góðan stað í lífinu. Njóttu þess að vera kominn á þennan stað. Nú gefst tími til þess að gefa til baka. Einhver leitar til þín á næstunni með kvíða og stress og þú mun reynsla þín og lífsvíska koma sér vel. Møgulega mun þessi ungi einstaklingur, sem leitar ráða hjá þér, kenna þér eitthvað í leiðinni.

Myntás

Lykilorð: Tækifæri, þróun, húmor

Þetta er skemmtilegt spil sem hvetur þig til þess að sjá hlutina frá nýju sjónarhorni. Allt í einu munt þú



MYND/VILHELM



Skilaboð frá spákonunni

Ef þér finnst stjórnumerki þitt ekki lýsa þér rétt, þá er um að gera að fletta upp rísandi merkinu þínu, því það segir mest um persónuleika þinn, en það gerir þú í gegnum Google með því að vita klukkan hvað þú fæddist.

sjá lausn máls, bara með því að hugsa aðeins öðruvísi og gefa þér góðan tíma til þess að hlusta á aðra í kringum þig. Þetta mun leiða til nýrra ævintýra og jafnvel nýrrar fjárfestingar sem mun skila vel af sér. Taktu hlutunum ekki of alvarlega og þá sérðu að sumir hlutir eru ekki eins flóknir og fyrst var áætlað.

Svona eiga þau saman

Forsætisráðherrahjónin

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra viðurkenndi í hláðvarpsþætti Sölvva Tryggvasonar að fjölskyldan yrði stundum út undan vegna vinnuálags. Hún sagðist stundum ekkert skilja í hvernig eiginmaður hennar nennir að vera með henni vegna þessa. DV lék forvitni að vita hvernig Katrín og Gunnar Örn Sigvaldason eiga saman ef lítið er til stjórnumerkjanna.

Katrín er Vatnsberi og Gunnar er Fiskur. Það er ávallt ys og þys í kringum þetta par og þrífst samband þeirra á gagnkvæmri virðingu fyrir tilfinningum og hugmyndum hvors annars. Þrátt fyrir það eiga þau stundum erfitt með að skilja persónuleika hvors annars.

Vatnsberinn á það til að vera of dómharður og taka ákvörðun um fólk sem er ekki sam-mála honum. Ólíkt maka sínum á Fiskurinn til að vera of góður, jafnvel við fólk sem á góð-mennsku hans ekki skilið. Traust skiptir þau bæði miklu máli og getur farið á gjörólíka vegu. Annaðhvort falla þau í stóran lygavef þar sem þau tynast, eða þau eru ávallt hreinskilin við hvort annað. Hvort það verður, fer algjör-lega eftir nándinni á milli þeirra. ■



MYND/ADSEND

- |  |  |
|--|--|
| <p><b>Gunnar Örn Sigvaldason</b><br/>13. mars 1978<br/><b>Fiskur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Listrænn</li> <li>■ Blíður</li> <li>■ Hjartagóður</li> <li>■ Tilfinninganæmur</li> <li>■ Treystir of mikið</li> <li>■ Dagdreyminn</li> </ul> | <p><b>Katrín Jakobsdóttir</b><br/>1. febrúar 1976<br/><b>Vatnsberi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>■ Frumleg</li> <li>■ Sjálfstæð</li> <li>■ Mannvinur</li> <li>■ Framsækin</li> <li>■ Fjarlæg</li> <li>■ Ósveigjanleg</li> </ul> |
|--|--|

**Hrútur**  
21.03. – 19.04.

Hrúturinn er metnaðarfullur og á líklega ALLAR útilegugræjur. Þér finnst hreyfing ómissandi hluti af fríinu, svo að sjálfsögðu tekur þú hjólið eða gönguskóna með. Eftir krefjandi hreyfingu átt þú allt gott skilið, jafnvel tvo kalda og grillaðan hammara.

**Naut**  
20.04. – 20.05.

Nautið er afar jarðbundið merki og nýtur sín best með tærnar í grasinu. Þú átt það til að verða örlítið hvumpin/n og því væri til-valið fyrir þig að fara í frí þar sem þú gætir sofnað við vatnshljóð, einhvers staðar við strönd, læk eða foss. Heyrir þú niðinn? Ahhh!

**Tvíburar**  
21.05. – 21.06.

Tvíburinn er mikil félagsvera þannig að þitt draumasumarfrí væri með fólkinu þínu. Þú ert til í hvað sem er, og svo lengi sem þú ert í góðum hópi þá ertu til í það. Þú hefur gaman að eigin tónlistar-smekk og ert líkleg/ur til að tryggja aðgengi að góðri tónlist. Kannski henda í spilakeppni líka.

**Krabbí**  
22.06. – 22.07.

Krabbinn er mikil fjölskylduvera og myndi helst vilja fara í frí með ALLRI fjölskyldu sinni. Þú gerir allt fyrir alla, þannig að sannkallað frí fyrir þig er að komast úr þeim aðstæðum að þurfa að bjarga deginum fyrir einhvern.

**Ljón**  
23.07. – 22.08.

Ljónið er eldmerki og sækir gjarna í ævintýri. Þú værir týpan til að plana sem minnst, leigja húsbíl og keyra þangað sem vindurinn segir þér að keyra. Þú talar við náttúruna. Láttu það eftir þér að hlusta á hjartað með tjald í skottinu og ástvini í bílnum.

**Meyja**  
23.08. – 22.09.

Þú, kæra Meyja, ættir ekki að fara í frí með Ljóninu. Því þú ert týpan sem planar ferðina í bak og fyrir og kýst jafnvel að fara í tilbúnar pakkaferðir. Og ekki sakar ef þú getur lært eitthvað nýtt um þann áfangastað sem þú ferð á og fuglana sem tilheyra þeim stað...

**Vog**  
23.09. – 22.10.

Þú ert meiri dekurrófa en þú þorir að viðurkenna og ert klárlega týpan sem myndi kjósa „glamping“ fram yfir hefðbundna tjaldferð. Þú elskar náttúruna en vilt ekki pissa hvar sem er og vilt svo sannarlega drekka úr glerglasi. Smelltu dúknum og merkjavörubomsunum í skottið og skelltu þér af stað. Þú mátt bruna beint á hótél.

**Sporðdreki**  
23.10. – 21.11.

Sporðdrekin er alltaf til í áskoranir og finnst það að ganga Fimm-vörðuhálsinn vera bara ágætis frí, eða jafnvel brimbrettaferð til Marokkó. Hvernig væri að byrja á að hjóla til Hveragerðis?

**Bognaður**  
22.11. – 21.12.

Hvar fæ ég mest fyrir minnst? Þú ert ekki nískur, Bogi minn, heldur útsjónarsamur. Hvernig væri að skella sér á gott hótéltilboð með þriggja rétta og alles fyrir fjölskylduna? Ekki klikka á að taka nesti með í bílinn, því þú þolir ekki sjoppusamlokur.

**Steingeit**  
22.12. – 19.01.

Steingeitin er vinnuálki sem tekur sér sjaldan frí. En þegar þú loks gerir það þá hugsar þú ALLTAF „ég verð að gera þetta oftari!“ Þú hefur gaman af sögulegum áfangastöðum og dreymir um að fara að skoða Kólosseum. Í milli-tíðinni mælum við að skoða minjararnar við Stöng í Þjórsárdalnum.

**Vatnsberi**  
20.01. – 18.02.

Vatnsberinn er merkið sem myndi njóta sín best virkilega einsamalt í fríi og fá mikið út úr því að skella sér í fjallgöngu með allt á bakinu og gista þar sem það þreytist, borða þegar það hentar og láta engan segja sér fyrir verkum.

**Fiskur**  
19.02. – 20.03.

Allir Fiskar ættu að eiga sinn eigin sumarþustað og myndu nota hann mikið ef þeir ættu slíkan. Fiskurinn hefur gott að því að komast reglulega út úr bænum til þess að nállstilla sig. Fyrir þér væri garð-rækt í eigin sumarþustað besta fríið.

# SPILAR FYRIR UPPELDISFÉLAGIÐ EFTIR FRUMRAUN ERLENDIS

Blikinn Viktor Karl segir dvöl sína erlendis hafa verið góða en er spenntur fyrir sumrinu í Kópavogi. Hann er með mörg járn í eldinum og stefnir á háskólanám í haust.

Sóley  
Guðmundsdóttir  
soley@dv.is



Viktor Karl Einarsson, leikmaður Breiðabliks í Pepsi Max-deild karla, var 16 ára þegar hann fór út í atvinnumennsku. Hann segir upplifunina hafa verið mjög góða. „Mamma mín flutti með mér ásamt Alexander Helga, liðsfélaga mínum í Breiðabliki. Hún bjó með okkur fyrstu sex mánuðina. Þegar ég lít til baka þá held ég að það hafi verið mjög mikilvægt, þó að ég hafi ekki fattað það þá. Ég er mjög þakklátur fyrir það. Þetta var mjög góður tími og mér leið mjög vel í Hollandi í þessi fimm ár.“

## Minna áfall en maður hefði haldið


Viktor varð fyrir því áfalli að slíta krossband árið 2014 í ferð með undir 19 ára landsliði Íslands. Hann segir að áfallið hafi ekki verið mikið andlega. „Ég áttaði mig ekkert mikið á því að ég hefði slitið krossband. Um leið og ég kom heim til Hollands úr landsliðsferðinni tók við endurhæfingarferli.“

Ég byrjaði strax að æfa með sjúkrahjúfnum og ég fékk engan tíma til að melta þetta. Þetta tók átta mánuði og ég varð auðvitað eftir á líkamlega. Ég tel mig hafa höndlað þetta vel andlega og þetta hafði minni áhrif en maður hefði haldið. Ég byrjaði að spila sex og hálfum mánuði eftir aðgerð. Það er held ég bara mettími, þannig séð,“ segir Viktor.

## Fékk nóg af varaliðinu

Viktor spilaði í þrjú ár með varaliði AZ Alkmar. Hann fékk fá tækifæri með aðalliðinu og kaus því að færa sig um set. Viktor fór í lið IFK Värnamo sem var í fallbaráttu í næstefstu deild Svíþjóðar. „Þeir voru með 5 stig eftir 15 leiki. Mér var sagt að það væri að fara í gang ákveðið verkefni. Það var að koma inn fullt af leikmönnum og þeir ætluðu að gera allt til þess að bjarga sér frá falli.“

Þetta breytti öllu hjá liðinu. Á seinni hluta tímabilsins fengum við 27 stig, sem var næstmest af öllum liðum. Það gekk mjög vel í Svíþjóð. Ég byrjaði alla leiki og spilaði alla leiki sem voru í boði.



Viktor samdi við AZ Alkmar í Hollandi 16 ára gamall. Nú spilar hann með uppeldisfélaginu. MYND/VALLI

Þetta var rosalega gaman og ég myndi segja að þetta hafi verið skemmtilegasta tímabilið mitt í atvinnumennsku.“

Viktor samdi við IFK Värnamo á miðju tímabili. Liðið náði ekki að bjarga sér frá falli. Ekki voru til peningar til að halda í þá leikmenn sem komu nýir til liðsins og þurfti Viktor því að finna sér nýtt lið.

## Gott að koma heim

Viktor var ekki lengi án liðs. Þrjú íslensk lið sýndu honum áhuga. Eitt þeirra var uppeldisfélag hans Breiðablik. Tilfinningin að koma heim var mjög góð, að sögn Viktors. „Ég bjóst við því að þetta yrði eitthvert sjökk en þetta gerðist svo hratt. Ég skrifaði undir og

byrjaði strax að æfa og spila og undirbúningstímabilið gekk vel. Sumir tala um að það sé skellur að koma heim, en mér leið mjög vel með þetta.“

Viktor var inn og út úr byrjunarliði Blika á síðustu leiktíð. Hann kom við sögu í 14 leikjum og skoraði eitt mark. Í ár er einn leikur búinn í Pepsi Max-deildinni. Viktor byrjaði leikinn og skoraði fyrsta mark Blika í 3-0 sigri á Gróttu. Tímabilið í fyrra var mjög þroskandi fyrir Viktor og segist hann finna fyrir meiri ábyrgð í ár en í fyrra.

„Andrúmsloftið í fullorðinsbolta eins og í Pepsi-deildinni er öðruvísi en í unglingsliði og ég held að það hafi þroskað mig gríðarlega mikið.“

Núna finn ég fyrir trausti

bæði frá leikmönnum og þjálfurum.“

## Ánægður með nýjar áherslur

„Við erum með frábæran og breiðan hóp. Ég veit að ég get talað fyrir allan hópinn þegar ég segi að við séum mjög vel gíraðir inn á planið sem Óskar, Dóri og Gulli komu með.“

Óskar Hrafn Þorvaldsson, Halldór Árnason og Gunnleifur Gunnleifsson eru nýtt þjálfarateymi Breiðabliks. Þeir koma með nýjar áherslur inn í liðið sem leikmennirnir hafa tekið vel í. „Við erum að spila aðeins öðruvísi fótbolta en við höfum gert. Blikar hafa alltaf verið svokallað „possession“ lið, en það er til dæmis nýtt fyrir okkur að spila með

markmanninn svona hátt uppi. Við viljum fjölga á miðjunni og spila í gegnum hana. Þegar við missum boltann viljum við pressa liðin hátt á vellinum. Okkur brá svolítið þegar þeir vildu fá Anton Ara markmann upp á miðju, en það hefur bara virkað ágætlega,“ segir Viktor Karl, yfirvegaður.

## „Hann er æðislegur“

Eins og fyrr segir er Óskar á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari Blika. Viktor lýkur lofsorði á hann. „Hann gæti verið svolítið misskilinn ef maður þekkir hann ekki, en hann er bara þvílíkur meistari. Það er mjög auðvelt að ræða við hann einn á einn. Hann er líka mjög sanngjarn þjálfari. Hann segir þér hvenær þú átt að gera eitthvað betur og lætur þig vita þegar þú ert að gera eitthvað vel. Þú finnur fyrir trausti frá honum þó svo að hann sé ekki alltaf að segja það við þig.“

Viktor segir að hugurinn leiti út, þrátt fyrir að honum líði mjög vel í Breiðabliki og hann einbeiti sér að núinu. Maður vill auðvitað spila á eins háu stigi og hægt er. Ég er með skýr markmið, en eins og staðan er núna líður mér mjög vel í Breiðabliki.“

## Fatalína byrjaði sem skólaverkefni

Viktor og kærasta hans, Jónína Þórdís Karlsdóttir, eiga fatamerkið BÖKK, ásamt Rúrik Gíslasyni knattspyrnumanni. „Þetta byrjaði sem skólaverkefni hjá kærustunni minni í Verzlunarskóla Íslands. Þegar ég kom heim var ég að hjálpa til við að skutla þökkum. Þetta þróaðist svo út í það að ég keypti mig inn í fyrirtækið.“

Í fatalínunni er hettupeysa, stuttermabolur, húfa og belti sem var upphafið að þessu. Rúrik er frændi Viktors. „Við fengum Rúrik til að sitja fyrir á mynd fyrir Instagram-síðu fyrirtækisins, sem varð til þess að hann keypti sig inn í fyrirtækið.“ BÖKK var stofnað opinberlega á síðasta ári. Með haustinu er meira væntanlegt frá þessu nýja fatamerki.

Viktor er nýútskrifaður úr menntaskóla og stefnir á frekara nám. „Ég var að skrá mig í háskóla í haust. Ég skræði mig í fullt af dóti, en hef áhuga á viðskiptum og ég hugsa að ég taki eitthvað svoleiðis.“ ■

# MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON  
MÁLARAMEISTARI  
SÍMI: 844 9188



FÖST  
VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA  
REYNSLA

NÁKVEMAR  
VERKLÝSINGAR

RAFRÆN  
TILBOÐ OG  
SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL  
ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík  
Símar: 8446829 / 6624514  
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com



fuzzy

Íslensk hönnun: Sigurður Már · Íslensk framleiðsla



## SAND KORN



MYND/VILHELM

### Dóra komin á hótél

Þúsundþjalasmiðurinn Dóra Takefusa er ýmsu vön þegar það kemur að veitingarekstri en hún rak um árabíl barinn Joline í Danmörku, Dolly í Hafnarstræti og Café Lyst. Nú er Dóra mætt með alla sína orku og sjarma á Hótél Varmaland í Borgarfirði. Dóra starfar þar sem aðstoðarhótelstjóri. Hótél Varmaland var opnað í fyrra eftir umfangsmikla endurbyggingu og endurnýjun á Húsmæðraskólanum við Varmaland. Þar er einnig að finna veitingastaðinn Calor Restaurant sem er með dásamlegt útsýni til allra átta yfir Borgarfjörð.

### Daði Már á Facebook

Augljóst er að stjórnmalaflokkarnir eru farnir að huga að næstu þingkosningum nú þegar kjörtímabilið siglir inn í sinn síðasta fjórðung.

Varaformanslaus Viðreisn heldur senn sinn aðalfund. Var sagt frá því í fréttum að Daði Már Kristófersson, verðandi fyrrverandi sviðsforseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, hefur boðið fram krafta sína í stöðu varaformanns. Daði Már byrjaði á Facebook í vikunni, en hann hefur ekki sést þar áður. Daði útilokar ekki að bjóða sig fram til Alþingis fari svo að hann nái varaformannskjöri. Það, auk nýtilfundins áhuga Daða á samfélagsmiðlum, rennur auðvitað sterkum stöðum undir þá kenningu að hann geri nákvæmlega það – fari í framboð.

Líklegt þykir að forysta flestra flokka á Alþingi í dag gefi kost á sér til áframhaldandi starfa og því lítil endurnýjun í vændum. ■



Stemming í sveitinni?

LOKI

## Afmælistilboð

Fríform fagnar 20 ára afmæli sínu í ár.

Við bjóðum viðskiptavinum okkar 20% afslátt af öllum innréttingum í júní.

2000 — 2020

Fríform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562-1500  
Friform.is

Mán. – Föst. 10-17  
Laugardaga LOKAÐ

